

Kver
um
VeraGera

Gústaf Jensen

Fyrri hluti

Þetta lýsir öllu í heiminum: Fyrirbæri=VeraGera.


Það eina sem hægt er að bæta við þetta lögmál er að oft finnum við líka hlutlausar samtengingar.

Eins og seglar hafa tvo póla, einn mínus og einn plús, hefur allt tvo póla. Annar er plúshlaðinn, hinn er mínushlaðinn, og eins og í seglum laðast plúsinn að mínusnum og mínusinn að plúsnum.


Annan pólinn skulum við kalla Vera og hinn Gera.

Vera er plúshlaðinn, Gera er mínushlaðinn og eins og áður sagði eru samtengingarnar hlutlausar.

+



Vera



Gera

—

Þegar við fjarlægjum grímur af fyrirbærum, sjáum við að andlitið bakvið grímuna er alltaf VeraGera, eða Vera eða Gera og svo eru oft hlutlausar samtengingar.


Atóm hafa plúshlaðnar róteindir sem ráða massa og einkennum; því sem Er.

Rafeindir afturámóti eru mínushlaðnar, eru á sporbaug um kjarnann eins og plánetur um sól, og þær ráða eiginleikum og hegðun; því sem Gerist. En það sem rafeindirnar Gera, er alltaf í samræmi við það sem róteindirnar Eru.

Hlutlausar nifteindir¹ tengja svo róteindirnar saman í kjarnanum og til að geta gert það, hafa þær massa sem er í jafnvægi við róteindirnar.

¹ Nift þýðir systir en nifteindin er hlutlaus, nifteindin ætti því frekar að heita kváreind og legg ég það hérmeð til.


+



Róteind



Nifteind



Rafeind

—

Allt er svona. Allt hefur þar af þólum sem eru með andstæða hleðslu, en *eru* þó ekki andstæður heldur samstarfandi. Pólarnir hafa einkenni sem haldast þó skipt sé um samhengi. Þeir verða ekki umflúnir, þeir eru allstaðar og alltaf (allstaðar Er, alltaf Gerist).


Uppgötvun núllsins er að átta sig á að það er hlutlaus samtenging á milli plúsanna og mínusanna.

Plúshlaðinn Vera, mínushlaðinn Gera og hlutlaus samtenging.

Þetta er allt í heiminum.

Landið Er, sjórinn Gerist og loftið er hlutlaust.

+



Land

Loft




Sjór

—

Plöntur Eru, dýr Gera og sveppum er best lýst sem samtengingu; þeir tengja saman hið lifandi og hið dauða með endurvinnslu og tengja saman plöntur neðanjarðar og dreifa næringu og upplýsingum á milli þeirra².

² Ef þú vilt vita hvað ég á við hér er sennilega skemmtilegast að hlusta á þennan hlaðvarpsþátt: <http://radiolab.org/podcast/from-tree-to-shining-tree>

+



Plöntur



Sveppir



Dýr

—

Til að geta tjáð okkur þurfum við frumlag sem Er og umsögn sem Gerist. Önnur orð stilla svo af það sem Er og Gerist, í tíma, rúmi o.s.frv. og þá eru bara eftir hlutlausu samtengingarnar, samtengingar.

+

Frumlag



Samtenging


Umsögn

—

Allt er svona.

Til að framkvæma hljóðin sem mynda orðin, þarftu samhljóða sem eru myndaðir á einum föstum stað í munninum, Eru, og svo sérhljóða sem blása um samhljóðana, Gerast. Svo eru þagnir sem eru hlutlausar.

+




Samhjióð



pagnir

Sérhjióð



—


Stjórnkerfi lýðræðisríkja eru byggð upp af þrennskonar valdi: löggjafarvaldi, framkvæmdarvaldi og dómsvaldi.

Löggjafarvaldið setur lög, það sem Er, og útdeilir peningum, er plúshlaðið.

Framkvæmdarvaldið Gerir það sem löggjafarvaldið hefur ákvarðað eins og rafeindirnar Gera það sem róteindirnar ákvarða, og eyðir peningum, er mínushlaðið.

Og eins og hlutlausu nifteindirnar halda saman jákvætt hlöðnu róteindunum, heldur hlutlaust dómsvald lögunum saman. Ef það væru engar afleiðingar af því að brjóta lögin, væru þau eins og samhengislausar tillögur útí loftið. Það þarf hlutlaust dómsvald til að halda þeim saman. Svona eins og nifteindir gera í atómum.

+




Lögjafarvald



Framkvæmdarvald

Dómsvald



—

Það sem hjólið er fyrir tækni, er VeraGera fyrir hugsun og skilning, en líka allt annað.

Ef það er Vera þá er Gera og ef það er Gera þá er Vera.

Blár Er, rauður Gerist og grænn er hlutlaus. Blár hefur róandi áhrif, rauður hefur örvandi áhrif og grænn hefur jafnvægisáhrif.

Nútíminn er hlutlaus samtenging á milli plúshlaðinnar fortíðar og mínushlaðinnar framtíðar. Við urðum til í fortíðinni en deyjum í framtíðinni. Fortíðin Er, framtíðin mun Gerast. Hvað við Verðum í framtíðinni er í algjöru samræmi við það sem við Gerum núna og það sem við Gerum núna er í algjöru samræmi við það sem við Erum, sem er svo í samræmi við það sem við Gerðum í fortíðinni. Vera og Gera og Gera og Vera.

Ef þú horfir á höndina á þér sérðu að þar er lófi/handarbak sem Er, fingur sem Gera og svo er þumallinn svona eins og nifteind eða dómstólar 🤝/👉.

Fingurnir Gera, en það sem þeir Gera, stjórna af því sem Er í handarbakinu, þumallinn tengir svo saman.

Við höfum efri góm sem Er, neðri góm sem Gerist og tungan er svo hlutlaus samtenging, svona eins og þumallinn.

Kuldi Er og hiti Gerist. Við alkul hætta rafeindirnar alveg að hreyfast og því meiri hiti, því meiri hreyfing. Við kulda verður vatn að ís sem Er, en við hita, gufu sem Gerist.

Jörðin hefur massa sem Er og allt sem Er, Gerist líka. Gera-póllinn er mínushlaðinn og því dregur jörðin hluti að sér. Þyngdaraflí mætti lýsa þannig, að það er massi að Gerast. Massinn Er, en Gerist líka og Gera er mínushlaðinn og því hefur massi aðdráttarafl.

Í tölvum er 0 Vera og 1 Gera. Vélbúnaðurinn Er og forritin Gerast. Í forritun Er forritunarmálið og skipanirnar Gerast. Þessi lýsing hjálpar engum að verða betri forritari, en hún gæti hjálpað forritara að útskýra forritun fyrir ömmu sinni og afa.

Þegar Albert Einstein vildi útskýra afstæði, þá gerði hann það með formúlu sem er $Fyrirbæri = VeraGera$. Þar er fyrirbærið orka, Vera er massi og Gera er ljóshraði í öðru veldi. $Fyrirbæri = VeraGera$ er það sama og $E = mc^2$.

Þegar Isaac Newton vildi útskýra kraft, þá gerði hann það með formúlu sem er $Fyrirbæri = VeraGera$. Þar er fyrirbærið kraftur (F), Vera er massi (m) og Gera er hröðun (a). $Fyrirbæri = VeraGera$ er það sama og $F = ma$.

Í báðum formúlum er massi það sem Er og í báðum formúlum er bætt við massann hreyfingu sem Gerist. Rétt

eins og í atómum þar sem róteindir (ásamt nifteindum) hafa massann og rafeindir sjá um hreyfinguna. Í eðlisfræði er reyndar formúlan $Fyrirbæri = Massi^x [Hreyfing]$ mjög algeng, $Fyrirbæri = VeraGera$

Albert Einstein notaðist við kenningar Hermanns Minkowskis sem sagði að alheimurinn væri gerður úr rými og tíma, því sem Er og því sem Gerist, $Alheimur = RýmisTími$ er það sama og $Fyrirbæri = VeraGera$.³

Á þessu sést að þegar fólk kemst nálægt stórum sannleika, þarf það að nota VeraGera. Notar VeraGera óafvitandi, kemst ekki hjá því. Raunar finnst mér líklegt að Einstein og Newton hafi skilið VeraGera einhvers staðar í hugsun sinni. Hafi skilið VeraGera án þess að koma því í orð. Að VeraGera hafi verið eins og óskráð regla í huga þeirra.

³ Mögulega er efni, hlutlaus samtenging á milli rýmis sem Er og tíma sem Gerist. Sveigjan á tímarúminu væri þá frekar tími og rúm að koma saman, tengd saman af efninu.

Í þessum tveimur formúlum Newtons og Einsteins, sjáum við líka að það er hlutlaus samtenging, margföldun, á milli Vera og Gera. Þessi margföldun veldur því að fyrirbærið er stærra en samtala hluta þess. Rétt eins og hlutlausu samtengingarnar í atómum valda því að samkoma rót- og rafeinda er stærri en samtala þeirra. Nifteindirnar halda róteindunum saman sem myndu annars hrinda hvor annarri frá sér, enda með sömu jákvæðu hleðsluna. Atómið er miklu stærra en rót-, nift- og rafeindirnar samtals. Það væri því hægt að segja að Fyrirbæri=VeraGera sé í raun Fyrirbæri=Vera^xGera, eins og $E=mc^2$ er í raun $E=m^xc^2$. Þar er hlutlausa samtengingin komin. Ósýnileg og hlutlaus, þ.e.a.s. hefur ekki tölulegt gildi.

Oft er fólk að rökræða hvort að Vera eða Gera sé mikilvægara. Eins og í umræðunni um erfðir eða umhverfi (e. nature vs. nurture). Þar er verið að spyrja „Vera? Eða Gera?“. Það er augljóslega bæði, en breytturnar eru töluvert meiri í því sem Gerist en því sem Er. Við Erum nánast eins,

en það sem Gerist í kringum okkur og fyrir okkur, getur verið gjörólíkt.

Vera og Gera vinna saman og því meiri samhljómur er á milli Vera og Gera, því betra. Því minni samhljómur milli Vera og Gera, því verr. En meira um pólitík síðar.

Í línuritum með tvö ása er annar ásinn það sem Er og hinn ásinn það sem Gerist. Þetta er kallað frumbreyta (e. independent variable) sem Er og fylgisbreyta (e. dependent variable) sem Gerist. Frumbreytur eru þættir eins og hitastig, tímalengd og magn; það sem Er. Fylgisbreytur eru hinsvegar þættir eins og hraði, stækkun/minnkun, útkoma, viðbragðstími; það sem Gerist.

Þegar bylgjur eru kortlagðar tákna y -ásinn hæð bylgjunnar, það sem Er og x -ásinn tákna tíðni bylgjunnar, það sem Gerist.

Tungumálið Er og setningar Gerast. Skalinn Er og nóturnar Gerast. Vegurinn Er og umferðin Gerist eins og árfarvegurinn Er og vatnið Gerist.

Í fyrirtækjarekstri hefur fólk komist að því að til að lýsa rekstrinum sem best þarf að nota Fyrirbæri=VeraGera. Þar er það efnahagsreikningur sem Er og rekstrarreikningur sem Gerist.

Á efnahagsreikninginn er fært það sem Er; eignir og skuldir. Á rekstrarreikninginn er fært það sem Gerist; tekjur og gjöld. Flestar færslur eru færðar debet á annan og kredit á hinn. Ef vara er seld staðgreitt, þá fer það debet á banka, sem er á efnahagsreikningnum, og þó þetta séu peningar að koma inn, þá fer það kredit á vörusölu, því sá reikningur er á rekstrarreikningnum og því mínushlaðinn⁴, á meðan að efnahagsreikningurinn er plúshlaðinn.

⁴ Mínushlaðið er eins og að margfalda með -1. Ef 10 er margfaldað með -1 verður það -10 en ef -10 er margfaldað með -1 verður það að 10 í plús.

Þegar ég segi að allt í heiminum sé svona, þá meina ég að allt í heiminum er svona. VeraGera er óumflýjanlegt lögmál og þó við gerum okkur ekki alltaf grein fyrir því, erum við sífellt á milli þessara póla, Vera og Gera. Rétt eins og ef við stöndum einhvers staðar, þá getum við farið til hægri, vinstri eða áfram. Það eru engir aðrir möguleikar. Því er eins farið með VeraGera.

Í ólíkum menningarheimum skynjar fólk t.d. tímann á ólíkan hátt. Það er hægt að skynja tímann með því að horfa á það sem er fast, Vera, eða á það sem er breytilegt, Gera. Á það sem Er eða það sem Gerist. Þetta er kallað klukku-tími (e. clock time) og atburðartími (e. event time); að borða alltaf á sama tíma eða þegar við erum svöng.

Maturinn sjálfur er líka dæmi um val á milli Vera og Gera. Við getum einblínt á að borða hollan og næringarríkan mat, Vera, eða við getum borðað mat sem er bara góður á bragðið, Gera. Best er auðvitað að hugsa bæði um Vera og

Gera og borða mat sem er bæði bragðgóður og næringarríkur.

Að leyfa pólunum að vinna saman er gott og slæmar hugmyndir eru oft að horfa bara á annan pólninn en gleyma hinum.

Því kenning þessa kvers er ekki að það sé hægt að nota VeraGera til að lýsa raunveruleikanum, heldur að VeraGera sé efni raunveruleikans og verði ekki umflúið.

Þegar fólk þekkir ekki VeraGera, þarf það endalaust að vera finnandi upp hjólið. Tvíhliða bókald var talið mikil uppfinning, en ef fólk þekkir VeraGera, þá er tvíhliða bókald, skipt í Vera og Gera, þar sem Gera er mínushlaðinn, óhjákvæmilegt og það eina sem stenst skoðun.

Ég skora á þig að taka eitthvað sem þú þekkir vel og skoða

Það upp á nýtt. Er þar Vera? Er þar Gera? Er þar hlutlaus samtenging?

Ef þú skilur VeraGera, þá ertu með grunninn að allri þekkingu, því VeraGera er náttúrulögmál númer eitt.

VIÐ SEM VERAGERA

Við Erum. Við Gerum. Við erum VeraGera. Við Gerum það sem við Erum og Erum það sem við Gerum.

Andinn Er, líkaminn Gerist. Þú Ert ekki andlitið á þér, heldur er andlitið þitt, þú að Gerast.

Andinn og líkaminn eru eins og samvaxnir síamstvíburar sem vilja ekki alltaf það sama.

Ef eitthvað kætir líkamann en stressar andann þá er það ekki gott, en það sem róar andann, eða gerir hann jákvæðari, þarf að sannfæra líkamann líka.


Slæmar og óskynsamlegar ákvarðanir eru oft þjónusta við

líkamann á kostnað andans.

Góðar ákvarðanir eru að muna að þú þarft að Vera andi þinn í framtíðinni og þá væri betra að hafa Gert það sem er skynsamlegt núna.

Það sem Gerist má ekki varpa skugga á það sem Er og það sem Er má ekki gleyma því að það þarf að Gerast líka.

Við erum dropar af Vera sem Gerum í nú.



ER ÞETTA EKKI ÞAÐ SAMA OG YINYANG?

Sennilega eru einhverjir lesendur búnir að vera að öskra í huganum á blaðsíðurnar „Er þetta ekki það sama og YinYang? Ertu að segja að þú hafir uppgötvað YinYang?!“ og hér eru vissulega ákveðin líkindi. En YinYang er ekki alveg rétt. Það má segja að VeraGera klári það sem YinYang byrjaði á, leiðréttir það sem var að YinYang, þannig að það sé hægt að lýsa öllu og skilja allt.

Í YinYang eru pólarnir kallaðir Óvirkur og Virkur. Virki póllinn er plúshlaðinn og sá Óvirki mínushlaðinn. Virknin er kölluð karlkyns og Óvirknin kvenkyns. Það er öfugt við VeraGera og YinYang reynir um of að hafa pólana andstæður. Þeir eru ekki andstæður, þó hleðsla þeirra sé

andstæð. Þetta er ekki ÓvirktVirkt heldur VeraGera. Það er heldur engin hlutlaus samtenging í YinYang, en það er í VeraGera.

Í YinYang er sólin tengd virkni því hlutir Gerast undir henni, en það þarf bæði Vera og Gera. Sólin Er og því Gerast hlutir undir henni. Tunglið Gerist og því Eru hlutir undir því (ég á hér við svefn).

Ef lýsa ætti atóminu notandi YinYang væru rafeindirnar Virkar og karllægar og því plúshlaðnar, þó þær séu mínushlaðnar, róteindirnar væru kvenlægar og Óvirkar og það væri ekkert pláss fyrir nifteindina.

Ef lýsa ætti stjórnkerfi lýðræðisríkja notandi YinYang, væri löggjafinn Óvirkur og það væri ekkert pláss fyrir dómsvaldið.

VeraGera klárar það sem YinYang byrjaði á og leiðréttir

Það, en vissulega er YinYang mjög nálægt sannleikanum og kannski það sem kemst næst því, án þess að vera alveg rétt.

Þetta kver sem þú heldur á núna, klárar það sem YinYang byrjaði á, fyrir þúsundum ára síðan.

HVERNIG GÆTI ÞETTA VERIÐ RANGT? ER ÞETTA NÝTT?

Eina leiðin sem ég sé til að VeraGera geti verið rangt, er að þetta sé afleiðing þess að í tungumálinu þarf að vera bæði frumlag og umsögn og þarafleiðandi sneiði heilinn heiminn niður í bita, þar sem er bæði Vera og Gera. En að það séu ekki raunverulegir bitar, heldur bara til í skynjun okkar, sem fer fram í gegnum tungumálið. Mér finnst það ólíklegt en sé að það gæti verið mögulegt.

En það er sama hvað ég brýt heilann um það þá sé ég enga leið til að VeraGera sé rangt, þar sem það dýpkar skilning minn á heiminum og gerir það mögulegt fyrir mig að útskýra það sem ég annars skil ekki og veit ekkert um.

Einhverjum gæti sýnst sem svo að þetta sé líkt kenningu

Hegels um thesis+antithesis=synthesis. Þar er eitthvað sem Er, svo Gerist eitthvað og það saman Verður að einhverju. Það er kannski ágætt dæmi um keðju af Vera og Gera og VeraGera lýsir öllu í heiminum, en VeraGera er ekki hegelísk díalektík. Hegelísk díalektík fellur undir VeraGera, en VeraGera fellur ekki undir hegelíska díalektík. Það væri erfitt að ætla að lýsa atóminu notandi Hegel.

Öðrum gæti fundist þetta líkjast orsök og afleiðingu, en Vera orsakar breytingar á Gera og Gera orsakar breytingar á Vera, framboð sem Er getur haft áhrif á eftirspurn sem Gerist og eftirspurnin getur líka haft áhrif á framboðið.

Það er líka augljóst að allskonar fólki í allskonar aðstæðum, hefur dottið í hug þetta með tvíeðli hlutanna, en ekki nokkur lýsing er hálfdrættingur á við VeraGera. Fólk hefur séð að tvíeðlið er satt, en virðist sem svo að það hafi ekki séð eðli þess tvíeðlis fyrr en nú. Ef þú veist um kenningu um tvíeðli sem er betri en VeraGera þá er netfangið mitt aftast í

Þessu kveri og ég bið þig að senda mér tölvupóst og segja mér hvað það tvíeðli er.

Dæmi um slíka tilraun er *dasein* Martin Heideggers. Mér fannst það hljóma eins og það ætti að þýða það sama og VeraGera, sérstaklega þegar ég sá bókina *Being and Time* (Vera og tími). En það er bara svo langt í frá að ég skilji hvað Martin var að reyna að segja. Takmarkaður skilningur minn lætur mig halda að hann hafi fundið Vera, en hann hafi ekki séð Gera og ekki séð að þetta er VeraGera. Eins og hann hafi haldið að þetta sé VeraVerandi. Ef hann skildi VeraGera þá var það ekki nægjanlega vel til að geta útskýrt það á einfaldan hátt. Heidegger notaði líka *dasein* til að verja hugmyndafræði nasismans þannig hann var óneitanlega á einhverjum villigötum.

Descartes sagði réttilega að við Erum því við Gerum („ég hugsa, því er ég“) og talaði um að andinn og líkaminn væru sitthvor hluturinn, en hann nefndi ekki pólana umfram það.

Í hermetisma er talað um að allt sé eins „að ofan og neðan“, hafi tvo andstæða póla og að allt sé karl- eða kvenkyns og það sem er hér sagt, er að allt sé vissulega eins að ofan og neðan (t.d. atóm og alheimur), og hafi yfirleitt tvo póla, þó þeir séu ekki andstæður, og líka að flest hafi karl- og kvenkyn, en líka að stundum eru hlutirnir nifteindir, það er hlutlausir.

Annars sé ég ekki hvernig þetta geti verið rangt, því VeraGera virðist passa við allt, eða komið áður fram, þar sem oft hefur verið rætt um pólana tvo en aldrei hefur þeim verið lýst á hátt sem er jafn nytsamlegur og VeraGera.

Ef VeraGera er ekki satt þá hlýtur það að vera auðveldlega afsannað, en ef VeraGera er satt eru það ein stærstu tíðindin í hugmyndasögu mannkyns.

KYNIN VERA OG GERA

Vera er karlkyns, Gera er kvenkyns. Typpi er plús, píka er mínus. En VeraGera er keðja, VeraGeraVeraGera, því Gerast sáðfrumur, en egginn Eru. Sáðfrumur koma og fara og synda⁵, Gerast, á meðan egginn Eru frá fæðingu í konunni og í getnaði Er eggid í eggrásinni.

Þegar mínusinn og plúsinn koma saman með sitt Vera og sitt Gera, þá getur það gefið af sér nifteindir, einnig þekkt sem börn.

Karlar horfa fyrst á það sem Er og konur horfa fyrst á það sem Gerist.⁶

5 Raunar synda sáðfrumur ekki tæknilega séð, þ.e.a.s. fara ekki áfram við að halinn sprikli, heldur fara þær áfram með möndulsnúningi (e. precession)

6 E.t.v. eru konur það sem mætti kalla +(GeraVera)- en ég mun ganga út frá því að + (VeraGera) - eigi líka við hér þó sjónarhornið sé ólíkt.

Afþreying karla snýst fyrst og fremst um að eitthvað Er. Þegar konur velja sér afþreyingu snýst hún um að eitthvað Gerist fyrst og fremst.

Konur fylgjast með raunveruleikabáttum þar sem aðalatriðið er það sem Gerist. Í Bachelor/ette er það ekki giftingin í endann sem skiptir öllu máli heldur er það ferðalagið þangað, það sem Gerist. Annað dæmi eru þættirnir um fjölskyldu Kim Kardashian. Hún Er kona sem átti pabba sem varði O.J. Simpson og svo Var hún í kynlífsmyndbandi. Það Er ekki mikið, enda er það sem Gerist sem er aðalatriði og hún og fjölskylda hennar er alltaf að Gera allskonar, svo mikið raunar að hún skorar á áhorfandann að halda í við þau.

Á sama tíma fylgjast karlar með sínu íþróttaliði sem Er, alveg sama hvernig gengur. Þeir þola jafnvel ekki leikmennina og þjálfarann, en missa samt ekki af leik, því

Það er ekki það sem Gerist sem er aðalatriði fyrir karlinn, heldur það sem Er.

Þegar karlinn fer í bíó er það til að horfa á nýju myndina úr ævintýra/ofurhetjuheiminum sem Er, með persónur sem Eru eitthvað sem gefur þeim sérstaka krafta. Myndin sem Gerist er útfrá heiminum sem Er og hetjurnar eru hetjur vegna þess sem þær Eru. Það sem Gerist er að hetjan Gerir það sem hún Er. Og hetjurnar í bíómyndunum eru alltaf að verja það sem Er. Eins og norska söngkonan Aurora sagði „Ofurhetjurnar eru alltaf verjandi *status quo*“, verja það sem Er. Stundum er því sem Er, þröngvað inn í myndir fyrir karla sem eru kannski bara um bílaeltingarleiki. Kannski er það þess vegna sem Vin Diesel er alltaf segjandi „family“ í bíómyndunum um ofsafengnu ökumennina.

Þegar konur fara í bíó, fara þær á rómantískar gamanmyndir sem snúast um hvernig samband Gerðist, það sem Er, sambandið sjálft, fær sjaldnast margar mínútur.

Einnig eru algengar myndir um konur sem fara saman og Gera allskonar án þess að það sé mikið farið í eitthvað sem Er.

Þetta eru augljóslega hlægilega grófar alhæfingar, en lýsa samt óneitanlega einhverju sem er raunverulegt. Þó sá raunveruleiki sé bara hvernig Hollywood selur okkur bíómiða. Og þó hér sé bara lýst ljósi og myrkri, er raunveruleikinn auðvitað líka rökkur í öllum tilbrigðum.

Fyrir nokkru gekk bylgja yfir samfélagsmiðla þar sem konur furðuðu sig á því, að kærastar og eiginmenn þeirra, hugsuðu um Rómarveldi nokkrum sinnum í viku. Séð frá sjónarhorni VeraGera er það fullkomlega eðlilegt. Bæði að karlar hugsu oft um Rómarveldi, enda veigamikill þáttur í því hvernig hlutirnir eru, og að konur séu hissa á því, enda með annað sjónarhorn. Á x.com spruttu upp miklar umræður um þetta og fjölmargar konur skrifuðu „Þetta er mitt Rómarveldi!“ og það var alltaf einhver atburður, eitthvað sem Gerðist.

Þroskuð karlmennska er að læra að muna eftir Gera, þroskuð kvenska er að læra að muna eftir Vera.

Þegar árekstrar eiga sér stað í samskiptum kynjanna er það sennilega oft vegna þess að karlar horfa fyrst á það sem Er og konur horfa fyrst á það sem Gerist. Fólk getur verið að segja það sama, en nálgast það frá ólíkum sjónarhornum og getur þannig jafnvel yfirsést að það sé sammála.

Það mætti orða það þannig að #metoo hafi verið stærsta samtal milli karla og kvenna í sögunni. Þar sást þessi samskiptamunur á milli kynjanna. Konur lentu í því að slæmt Gerðist og til þess að hvetja til breytinga, Gerðu þær atburð úr því að segja frá því sem Gerðist. Sem er mjög eðlileg hegðun kvenna, sem svar við óeðlilegu ástandi. Nú held ég að mikill meirihluti karla hafi hugsað sem svo að #metoo hafi verið áskorun um að verða betri. Að gera það sem Er, betra. Og það gerist oftast í hljóði. Það er ekki

karlinum endilega eðlislægt að gera atburð úr því að breytast, heldur breyttist hann í hljóði og eftir að breytingin hefur átt sér stað finnst honum jafnvel eins og hann hafi alltaf Verið þannig. Það er önnur leið til að segja að karlar horfi fyrst á Vera og það sem Gerist sé í öðru sæti.

Aðrir karlar tóku #metoo öðruvísi. Viðbrögð þeirra voru að vísa í það sem Er. Sögðu að lögin Eru svona og lögin Eru hinsegin. Sögðu í sífellu að fólk sé saklaust þartil það er dæmt fyrir dómstólum. Að það sé meinyrði samkvæmt lögum að segja ekki meintur. Það var verið að vega að heiðri þessa og hins, það var verið að vega að því sem karlarnir Eru.

Skoðað í þessu ljósi sjáum við að það eru vanþroskuð viðbrögð karla sem hafa alls ekkert lært að skilja hinn pólinn. Hafa ekki lært að það sem Gerist er jafn mikilvægt og það sem Er. Í stað þess er bara horft á það sem Er og það sem Gerist, hunsað.

Þetta útskýrir líka tíð ummæli við færslur kvenna á samfélagsmiðlum frá þessum tíma, sem voru „Ekki allir karlar!“ Þar sem það er ekki satt að allir karlar hafi gerst sekir um allt, sem sagt að það *Er ekki*, þá finnst þeim að þeir geti mótmælt ummælum sem voru augljóslega ekki um alla karla. Ef ég segi að íslenska karlafótboltalandsliðið hafi komist í átta liða úrslit á EM, þá svarar enginn „Ekki öll landslið!“.

Raunar held ég að alhæfingar hljómi ólíkt í eyrum karla og kvenna. Dæmi um það er að konur sögðu „trúið konum“ og mjög margir karlar vitnuðu í það eins og þær hefðu sagt „trúið öllum konum“. Vissulega geta komið fram falskar ásakanir, en eins og ég skildi þetta var punkturinn að hunsa ekki það sem konur segja fyrirfram. Karlarnir heyrðu þarna setningu sem var um að Gera og tóku henni eins og að hún hafi verið um að Vera.

Á hinn bóginn sáust ummæli kvenna á þessum tíma sem voru á þá leið að ef karl hafði einhvern tímann gerst sekur um eitthvað, ætti að dæma hann algjörlega. Dæmi um það er að það var vitnað í að John Lennon hafi beitt fyrri konu sína ofbeldi og því væri réttast að sniðganga hann. En það var hunsað að eina ástæðan fyrir því að fólk vissi af því að hann hafði beitt ofbeldi, var sú að Lennon sjálfur talaði um það síðar, þegar hann hafði gengið í gegnum mikið þroskaferli og var orðinn yfirlýstur femínisti. Hann hafði gengið í gegnum þroskaferlið sem karlar þurftu að ganga í gegnum, en sumar konur tóku því þannig að það ætti að hunsa allt sem hann sagði og gerði af því að hann sagði „Þess vegna er ég alltaf talandi um frið. Sjáðu, ég er ofbeldisfullur maður sem hefur lært að vera ekki ofbeldisfullur og sé eftir ofbeldinu sem ég beitti“.

Það verður að horfa bæði á það sem Er og það sem Gerist. Þetta eru síamstvíburar og þeir þurfa að læra að tala saman.

Annað dæmi um óþroskaða karlmennsku eru karlar sem hafa ekki fengið forræði yfir börnum sínum og kenna of miklum femínisma um. Eins og það að miðaldra lögfræðingar segi konum alltaf að sjá um börnin, sé merki um of mikinn femínisma. Ætli það sé ekki einmitt öfugt.

Á léttari nótum er hægt að segja að kannski algengasta klisjan úr sjónvarpsþáttum um árekstra í samskiptum kynjanna, er þegar konan spyr „Er ég feit í þessum kjól?“. Karlinn veit ekki hvað hann á að segja því hann heyrir spurninguna bókstaflega, á meðan að konan er í raun að spyrja „Er fita að Gerast í þessum kjól?“. Karlinn skilur það ekki því hann hugsar sem svo að fita er eins og hún er og en ekki eitthvað sem Gerist við ákveðinn klæðaburð.

Við sjáum þennan mun á kynjunum þegar við horfum á verslunarhegðun hvors kyns fyrir sig. „Karlmenn kaupa, konur versla“ eins og það var orðað í niðurstöðum könnunar á vegum viðskiptaháskóla í Bandaríkjunum.

Karlmenn hugsa um það sem Er og fara út og ná í þann hlut sem vantar, á meðan að fyrir konur er verslunarleiðangur eitthvað sem Gerist.

Það læðist að mér sá grunur að kynin afsaki sig líka ólíkt og að karlar afsaki sig með því að það sem Er hafi ekki Gerst og konur afsaki sig með því að segja að það sem Er hafi valdið því að það sem átti að Gerast hafi ekki getað Gerst.

Ég tel það nokkuð ljóst að heimurinn sé of mikið á karllæga Vera-pólnum og að betri heimur væri í meira jafnvægi.

Gömlu kynjahlutverkin voru kannski eðlileg þegar verkin voru veiðiferðir, eða sjá um akur annars vegar, og sjá um heimili og börn hinsvegar. En í dag lifum við í flóknari heimi og þá er beinlínis hættulegt að annað kynið sé allsráðandi. Og sjónarhorn þess sem Gerist, kvenlæga sjónarhornið, þarf að vera gert hærra undir höfði. En þó í samhengi við það sem Er. Það skiptir nefnilega ekki bara máli hvað Gerist,

heldur líka *hvernig* það Gerist.

Við þurfum að hætta að horfa á samfélagið eins og það sé veiðiferð og fara frekar að sjá það sem heimili sem þarf bæði húsfreyju og húsbónda. Það er kannski óþarfi að brjóta alveg niður feðraveldið, en við hlið þess ætti frekar að reisa mæðraveldi til jafns við feðraveldið.

Þegar bæði sjónarmiðin eru virt og þau fá að hjálpa hvort öðru, ætti betra samfélag að vera á sjóndeildarhringnum. Rétt eins og samhent hjón eiga betra hjónaband en hjón þar sem annar aðilinn er allsráðandi.

Því hvorugur póllinn er betri en hinn, heldur eru þeir lífsnauðsynlegir hvor öðrum. Þeir verða að vinna saman og skilja hvorn annan.

Karlinn getur t.d. skilið að það er ekki alltaf viðeigandi að fara í það að laga það sem Er, að stundum vilji konan bara að

hlustun Gerist vegna einhvers sem Gerðist, eða á tungumáli sem karlinn skilur: konan vill að karlinn Sé með henni í þessu. Og eins getur konan t.d. athugað að vega ekki endilega að því sem Er, þegar hún vill að eitthvað Gerist eða Gerist ekki.

En fyrst og fremst verður fólk að læra að hlusta og tala.

PÓLAPÓLITÍKIN

Í pólitík eru tveir pólar, Vera og Gera. Annar horfir fyrst á það sem Er, hinn fyrst á það sem Gerist. Annar póllinn vill fyrst og fremst halda í það sem Er, hinn vill Gera breytingar.

Vera er hægri, Gera er vinstri.

Það virðist óskynsamlegt að í stjórnmalaskoðunum fólks séu pólarirnir aðskildir. Kjarnorkusprenging, er það sem gerist þegar pólarirnir, Vera og Gera, eru aðskildir í atóminu, þegar nifteindin sem á að sameina er notuð til að sundra.

Að sjálfsögðu þarf samfélag að hlúa að því sem Er og verja það sem Er, en það þarf líka að Gera til þess að bæta það sem Er. Þetta þarf að vinna saman og það þarf að vera

samhljómur á milli þeirra. Okkur er sögð andstæðan í dag. „Deila og drottna“ var þetta einu sinni kallað og deila og drottna er það sem þetta er í dag. Á meðan við erum að rífast um hvort manneskjur megi fara á klósettið eða ekki, erum við ekki að mótmæla ofræði peningaaflanna, svo dæmi sé tekið.

Þó þér finnist það sem Er, vera mikilvægt, þarf það ekki að þýða að þú horfir framhjá því sem Gerist, og ef þú sérð að vandamál heimsins eru vegna einhvers sem Gerðist og eitthvað annað geti Gerst til að laga það vandamál, þarf það ekki að þýða að þú viljir afnema allt það sem Er.

Öfgafull Vera-stefna er að útrýma öllu sem breytir því sem Er og helst snúa aftur til þess sem Var, afgera það sem hefur Gerst. Öfgafull Gera-stefna er að afnema það sem Er.

Ef við skildum öll VeraGera og hvernig pólarnir vinna best saman, væri samfélag okkar allt öðruvísi en það er í dag, þar

sem allt er gert til að hafa hlutina eins þægilega og hægt er, fyrir billjónamæringa sem vilja græða hraðar.

Þegar vilji peningaaflanna er sterkasti krafturinn, verður pólitík ekkert nema leikrit sem sýnt er í fréttatímum⁷. Leikrit sem snýst um að fólk hafi eitthvað til að rífast um, en ekkert breytist, nema auðvitað að það gagnist raunverulegu valdhöfunum. Eða kannski er tölvuleikur betri líking en leikrit. Í tölvuleikjum eru leikmenn sem hugsa fyrst og fremst um að halda lífi og staðsetja sig þannig að þeir geti haldið lífi. Og rétt eins og í tölvuleikjum er raunverulegur tilgangur leiksins að eigendur hans græði pening á notendunum.

Nú er þjóðfélagslegur ávinningur af því að hér væru fleiri og smærri útgerðir, gjörsamlega augljós. En hefur fólk heyrt hugmyndir um að lækka þakið á stærð útgerða? Þvert á móti er þjónkunarsemin slík að þegar Bjarni Benediktsson

⁷ Prófaðu að taka eftir því hvað fréttatímar einblína á Gera og tala nánast aldrei um Vera.

var spurður um viðbrögð við fréttum af því að Samherji hafi verið staðinn að mútugreiðslum í Namibíu, svaraði hann eitthvað á þá leið að í sumum löndum þurfi bara að móta ráðherrum⁸. Ég vissi það ekki.

Öfgahægripólitík segir að aðstæður fólks séu vegna þess hvernig fólkið Er. Fólk sem þarf aðstoð Eru aumingjar. Lausnin í augum hægrisins felst þá í að fólk hætti að vera aumingjar. Og ef fólk er búið að stimpla annað fólk á þann hátt, getur það auðveldlega sannfært sjálft sig um að besta aðstoðin, sé engin aðstoð. Einu sinni var þetta viðhorf dregið saman í háði og spotti með því að kalla það að fólk eigi að „draga sig upp á skóólunum“, því það er ómögulegt. Núna kallar fólk þetta að „draga sig upp á skóólunum“ og er talið meðal dygða.

Vinstristefna snýst um það sem Gerist. Það er skilningur á

8 „Undirliggjandi vandamálið sem við erum að sjá hérna, virðist vera veikburða og spillt stjórnvöld [í Namibíu].“
www.theguardian.com/world/2019/nov/15/bribery-allegations-over-fishing-rights-rock-iceland-and-namibia

Því að fátækt er afleiðing einhvers sem Gerðist og það getur eitthvað Gerst sem breytir því ástandi. Bæði að sjá að það hefur eitthvað Gerst og það sé hægt að bregðast við ástandi með því að Gera.

Stefna vinstrifólks snýst meira um aðgerðir á meðan hægristefnan snýst oftar um að halda sömu stefnu og einblína á það sem Er.

Hægripólitík í Bandaríkjunum hefur mestar áhyggjur af breytingum á því sem Er. Innflytjendastraumur er vissulega eitthvað sem er að Gerast, en áhyggjurnar eru að innflytjendur breyti því sem Er. Ótti við breytingar á því sem Er, er stór þáttur í hægripólitík, á meðan vinstrifólk óttast afleiðingar þess að Gera *ekki* breytingar á því sem Er.

En aðgerðirnar sem vinstrifólk fer í, lætur kannski fólk missa trúna á það að aðgerðir geti skilað einhverju, því þær eru ekki alltaf í samræmi við það sem Er. Þá hugsar sumt

fólk að það sé betra að gera minna, lækka skatta og þá verður það kannski sjálft ríkara. Fólk sér vímuefnaneyslu t.d. sem vandamál og vill bregðast við því vandamáli með því að Gera, þannig það hengir upp plaköt. En fíkn í vímuefni er ekki vegna skorts á plakötum, heldur miklu frekar vegna einhvers konar eymdar og þú lagar ekki eynd með plakötum. Ef eitthvað sem Gerist á að breyta því sem Er, þarf það að ráðast að rótum þess sem Er, en ekki bara að Gerast.

Það er heldur ekki líklegt til árangurs að vilja raska um of því sem Er, til að Gera breytingar. Því miður held ég að Borgarlínan sé dæmi um þetta. Nú myndi ég fagna því með öllu hjarta ef Borgarlínan yrði að veruleika, en ég óttast að þar sé verið að fara í of miklar breytingar, Gera of mikið, án þess að virða það sem Er. Það þurfi að gjörbreyta of miklu til að koma henni í framkvæmd. Ég held að sú framkvæmd yrði farsælli og óumdeildari ef hún væri endurskoðuð og hugsað „Hvernig getum við unnið með það sem Er?“. Enda lenti

Borgarlínan strax á vegg á Bústaðaveginum, því það eru ekki allir Íslendingar jafn spenntir og ég, þegar það fréttist að það eigi að umbylta hverfinu þeirra til að setja upp strætóstoppistöð. Ég vona samt innilega að þetta sé rangt hjá mér.

Til að fara í farsælar framkvæmdir þurfa Vera og Gera að vinna saman svo það sé sátt. Það sem Gerist þarf að bera virðingu fyrir því sem Er og nota það sem Er, byggja ofan á það sem Er. Annað vandmál vinstrisins er að einblína svo á Gera að það gerist ekkert, því orkan og tíminn fer í að rífast um hvaða Gera er fullkomnast og fólk sem er örlítið ósammála um aðferðafræði verða að andstæðingum. Þar væri betra að muna hvaða Vera, fólk vill framkalla með Gera.

Vandamál hægrisins er að hunsa vandamál sem Gerast. Vilja ríghalda um of í það sem Er, frekar en að hlusta á hugmyndir sem bæta það sem Er.

Hægrifólki til varnar mætti segja að í dag séu slæmar breytingar að gerast (sem flestar eru græðgi billjónamæringa að kenna) og þá fer hægrifólk í öfgafulla vörn fyrir það sem Er, eða Var. Án þess að það standist nokkra skoðun, eins og uppgangur rasisma sýnir. Það mætti kalla röng viðbrögð við röngum aðstæðum. Rétt viðbrögð væru að taka höndum saman við breytingaröflin sem hafa sömu hagsmuni og vinna að breytingum sem gagnast öllum í samfélaginu, þótt það gagnist líka þeim sem eru ekki eins á litinn.

En þegar vandamálið (villtur risakapítalismi) er kallað lausnin, þarf að finna blóraböggla og fólk með annað litarhaft liggur vel við höggi þar sem það er auðvelt að flokka það frá. Sérstaklega á tímum eins og nú, þegar milljónir eru á flóttu norður vegna olúgræðgi og annarrar heimsyfirráðastefnu eins lands. Lands hvers íbúar eru búnir að innbyrða svo mikinn áróður um að allt hafi verið eyðilagt

af hommum og kellingum að þeir vilja nú herða á olúgræðgi og annarri heimsyfirráðastefnu sinni.⁹

Okkur var sagt að einkavæðing, minna regluverk og lægri skattar myndu leiða til hagsældar fyrir allt fólk, en hagsældin jókst bara hjá eigendum fjármagnsins sem áttu líka fjölmiðlana sem sögðu okkur að einkavæðing, minna regluverk og lægri skattar myndu leiða til hagsældar fyrir allt fólk.

Þegar fór að örla á óánægju með skort á hagsæld, komu fram flokkar og fólk sem fjölmiðlarnir, sem höfðu nú misst allt traust fólksins, sögðu að væru hættulegir núverandi ástandi. Lausnin sem þetta nýja fólk býður er einkavæðing, minna regluverk og lægri skattar. Restin af pólitíkusunum, sem hafa einhver völd, vilja halda hlutunum nákvæmlega eins og þeir eru núna. Fyrir peningaöflin er bæði gott, fyrir almenna borgara er bæði slæmt.

⁹ Þessi heimsstjórnandi hefur nafn sem hægt er að lesa sem „við fyrst“, er með forseta sem heitir „heimsstjórnandi fyrst“, sem er með slagorðið „við fyrst“.

Öfgafyllst er hvernig þetta er í Bandaríkjunum, þar sem ekkert gerist nema það sé gott fyrir Wall Street og/eða Pentagon, algjörlega burtséð frá áhrifum þess á bandaríska borgara.

Einstaklingshyggja er seld sem að fá að vera í friði frá aumingjum og fávitum, en er í raun að einangra fólk svo það standi eitt gegn valdinu. Það sem valdið óttast nefnilega mest, er samtakamáttur alþýðunnar.

Umhverfishyggja væri e.t.v. í öðru ástandi, hægrímál, en hún verður að vinstrimáli þegar hún hættir að snúast um að vernda það sem Er og fer að snúast um að það sem Er verði að gera breytingar á því sem það Gerir. Ef staðan væri önnur í umhverfismálum, væri vinstrifólk kannski að tala gegn því að vernda náttúruna á kostnað fólks.

Annað í pólitík sem hægt er að útskýra með þessum hætti er

af hverju fólk verður íhaldssamara með aldrinum. Séð frá sjónarhorni VeraGera er það fullkomlega eðlilegt, því það sem Er, verður meira inngróið í okkur eftir því sem við eldumst. Og eftir því sem fólk verður eldra er búið að breyta fleiri hlutum frá því það var ungt, þannig það vill ríghalda í það sem þó er eftir.

Við sjáum líka að þegar það sem er Gert beinist að því að laga það sem Er, þá virkar það betur en annað og það veldur oft furðu hjá fólki. Dæmi um þetta eru borgir í Bandaríkjunum og Finnlandi sem hafa brugðist við heimilisleysi með heimilum. Það kostar minna en aðrar lausnir og virkar¹⁰.

Einnig hafa verið gerðar tilraunir í fátækum löndum að gefa fátæku fólki peninga beint, og hvað haldiði? Það hjálpar

¹⁰ Hér eru greinar um slíkt með hlekkjum á rannsóknir þessu tengdu: www.vox.com/2014/5/30/5764096/homeless-shelter-housing-help-solutions
www.theguardian.com/cities/2019/jun/03/its-a-miracle-helsinki-radical-solution-to-homelessness

meira til að laga þau vandamál sem fátækt skapar en þúsund skýrslur og þarfagreiningar. Samtök eins og GiveDirectly hafa talað mikið fyrir þessu og sú niðurstaða sem þau hafa komist að, er að fátækt fólk sem fær peninga beint, fer beint í að laga aðstæður sínar á þann hátt sem því hentar og það virkar betur til frambúðar.

Gera til að bæta það sem Er, virkar, en að ætla að laga hlutina með aðgerðarleysi byggðu á sleggjudómum, virkar ekki. Fátækt fólk er fátækt af því að því vantar pening. Ef fátækt fólk fær pening, fer það í að laga þau vandamál sem fátækt þeirra skapaði. Við erum öll fólk sem lýtur sömu lögmálum, við erum nánast eins. Og ef fólk er fátækt er það sjaldnast því að kenna, heldur hefur samfélagið brugðist á einn eða annan hátt. Enda er fátækt landlæg í löndum sem hafa þurft að þola arðrán í aldir og töluvert minni í löndunum sem hafa í gegnum tíðina stundað arðrán. Ísland er reyndar undantekning á þessu. Var arðrænd nýlenda, en er í dag ríkt. Það stafar sennilega af nálægð okkar við

arðræningja og svo litarhafti. Því fáum við að nýta auðlindir okkar til að bæta líf okkar. Sem er ekki mjög algengt meðal sögulega arðrændra þjóða, þó Kína sé annað augljóst dæmi.

Niðurstaðan sem blasir við eftir þessar pælingar hlýtur að vera samvinna ólíkra þátta. Hvernig við getum unnið saman og lært að vinna saman með því að tala sama tungumál. Koma í veg fyrir óþarfa átök og finna sameiginlega fleti til að Gera jákvæðar breytingar á því sem Er; hlúa að því sem Er með því að Gera.

Það væri eðlilegast og réttast, og á sama tíma, ólíklegast.

Peningar: gjaldmiðill sem almennt er tekið við sem greiðslu á skuld og fyrir seldu vöru og þjónustu.

Hlutverk peninga er þríþætt, að vera mælikvarði á verðmæti, að vera tæki til að varðveita þau, og að vera gjaldmiðill til að greiða skuld. -Íslenska alfræðiorðabókin

PENINGAR

Peningar í dag brjóta VeraGera, en einu sinni gerðu þeir það ekki. Ef peningar eru úr gulli, eða öðrum sjaldgæfum og eftirsóknarverðum málum, eða eru á gullfæti, þá eru þeir og geta Gerst.

En 1971 var þetta aftengt, peningar teknir af gullfætinum og þeir látnir vera sín eigin forsenda. Ef VeraGera hefði verið fólki tamt á þeim tíma hefði það spurt „Hvernig geta peningar Gerst, án þess að það sé neitt sem Er?“.

Íslendingar voru ekki beinlínis með krónuna á gullfæti, en hún var óbeint á gullfæti, því gengi krónunnar, eins og margra annarra gjaldmiðla, var tengt gengi bandaríkjadollars, sem var svo á gullfæti. Síðan krónan fór af óbeina gullfætinum hefur verðbólga á Íslandi verið 140.000%. Eitt hundrað og fjörtíu þúsund prósent. En hún var um 600% árin 30 þar á undan.¹¹

Peningar dagsins í dag brjóta líka VeraGera á annan, mun mikilvægari hátt. Því bankar búa til peninga úr engu! Þegar fólk og fyrirtæki taka lán, er bankinn í raun og veru að búa til megnið af þeim peningum sem hann lánar út.

Seðlabanki Stóra-Bretlands, Englandsbanki, segir að 97% af peningum þar, séu búnir til af bönkum með lánveitingum¹². En skilgreiningar á peningum, eins og þeirri úr

11 Til að samanburðurinn sé alveg sanngjarn þá var verðbólga 30 árin eftir breytinguna, 44.000%, fjörtíu og fjögur þúsund prósent.

12 www.bankofengland.co.uk/quarterly-bulletin/2014/q1/money-creation-in-the-modern-economy

alfræðiorðabók Arnar og Örlygs hér að ofan, passa yfirleitt ekki við þessi 97%. Réttari skilgreining er að peningar eru það sem bankar búa til þegar fólk tekur lán.

Til að segja það hreint út, er þetta stórhættulegt og galið. Það er jafn gáfulegt að bankar geti búið til peninga úr engu og að bifreiðaverkstæði eða blómabúð geti búið til peninga úr engu. Aðeins ríkið á að geta búið til peninga. Ef það væri raunin, væri hægt að hafa betri lífsskilyrði en nú er mögulegt, þegar það eru til stofnanir sem mergsjúga samfélagið, með því að búa til peninga úr engu og taka svo vexti af þeim. Eðlilegra kerfi væri að ríkið byggi til peningana og lánaði þá í gegnum banka sem væru milliliðir og fengju þóknun af því. Afborganir færu þá á endanum til ríkisins frekar en til bankanna.

Það myndi þýða að það skapaðist svigrúm hjá ríkinu til að fara í aðgerðir til að bæta líf fólks eða til að veita lán aftur og fá síðan af þeim vexti og afborganir til baka.

Það sem ég er að segja hérna er í raun og veru gríðarlega róttækt, en ég myndi á sama tíma halda, að þetta sé svona u.þ.b. hvernig flest fólk heldur að bankakerfið virki í dag. Það er galið ástand, þegar munurinn á raunveruleikanum og því sem fólk heldur, er róttækur. Þá er það galið samfélag. En þetta er gott fyrir peningaöflin og því er þetta svona. Hræðilegt fyrir fólk, en frábært fyrir fólkið sem telur sig eiga samfélagið, því það á fjármagnið.

Peningar sem verða til við að skuld myndist, eru að láta eitthvað Gerast án þess að það sé neitt sem Er. Skuld á að myndast þegar eitthvað sem Er, er lánað. Ef það sem er lánað verður til, við það að það var lánað, brýtur það VeraGera og í bága við almenna skynsemi.

Við lítum á peninga sem ávísun á verðmæti, að þeir séu eitthvað sem Er, sem svo Gerist. En peningar dagsins í dag eru ekki ávísun á verðmæti heldur eins og ávísanahefti sem

gefur út gúmmítékka sem eru *teknir* sem verðmæti.

Peningar eru sagðir raunverulegir því ríkið tekur við þeim sem greiðslu skatta. En af hverju tekur ríkið við einhverju sem greiðslu skatta, sem einkafyrirtæki búa til?

Ef peningar eru raunverulegir, ætti ríkið að búa þá til.

Í Bandaríkjunum er þessi bilun komin á svo hátt stig, að sjálfur seðlabankinn, Federal Reserve, er ekki í eigu ríkisins!

Það er endalaust talað um frelsi en eina frelsið sem er í boði virðist vera frelsi frá samhygð, frelsi frá því að hlúa að því sem Er. Innviðir samfélagsins eru ekki taldir jafn mikilvægir og það að stórfyrirtæki græði meira. Ef gróði Gerist skiptir ekki máli hvað annað Er og það skiptir ekki máli *hvernig* hann Gerist, svo lengi sem *hann* Gerist.

Þetta ætti að hræða fólk því stór, alþjóðleg fyrirtæki

endalaust að auka gróða sinn verða á einhverjum tímapunkti að gera líf starfsfólks síns verra og/eða bjóða upp á verri þjónustu og/eða með hærra verði og/eða með verri samfélagslegum afleiðingum. Það er augljós niðurstaða kerfis sem hugsar bara um meiri og hraðari gróða, og dæmin sem sanna þetta eru ótal mörg.

Skynsamlegt samfélag hefði einhver viðmið um það hvað mikill gróði sé nægur gróði. Þetta er eins og fyrir kosningar talar stjórnmálafólk um lægri skatta eða hærri skatta en aldrei hef ég heyrt talað um hvað það vilji að skattprósentur séu háar. Eins er aldrei talað um hvað sé nægur gróði. Bara meiri og hraðari gróði.

Til að viðhalda slíku kerfi verður að hafa fólk fáfrótt um það sem Er og það sem Gerist. Ef fólk hefði skilið VeraGera þarna árið 1971, hefði peningakerfi sem byggir á því að peningar Gerist en Eru ekkert, aldrei verið samþykkt. Eins yrði brotaforðakerfi (e. fractual reserve) aldrei samþykkt í

lýðræðissamfélagi þar sem borgararnir skilja hvað peningar eru.

En í dag búum við í samfélagi þar sem fólki er sagt að öll stríð séu varnaraðgerðir til að tryggja frið, þannig það er kannski ekki hægt að búast við miklum sannleika.

STAFIR OG HLJÓÐ

Stundum er fólk að rökræða hluti sem virðast vera flóknir en verða mjög einfaldir þegar þeir eru skoðaðir frá sjónarhorni VeraGera. Að mínu mati er lestrarkennsla mjög skýrt dæmi um þetta.

Það er ekkert sem menntakerfið gerir sem er mikilvægara en lestrarkennsla. Öll önnur menntun byggist ofan á það að fólk geti lesið og það er búið, með vísindalegum rannsóknum og reynslu milljóna, að sanna hvernig er best að kenna börnum að lesa. Það er að þau skilji til fullnustu og sem fyrst, hvaða stafur tengist hvaða hljóði. Að það sé kennt strax í upphafi og lögð áhersla á, það sem Er.

Ef þú getur tengt alla stafina við hljóð, þá kanntu að lesa. Þetta er kallað hljóðaðferðin. Þá þarf bara orðaforða til að skilja orðið. Þetta hefur verið sett upp með formúlunni: Lesskilningur=Orðaforði (Vera) ^x Afkóðun (Gera).

Hljóðaðferðin snýst um að kenna það sem Er. Því afkóðunin á sér aðeins stað, ef fólk þekkir hvaða hljóð tengist hvaða staf. Með öðrum orðum, það sem Er verður að vera þarna til að það geti Gerst.

Ef lestur Gerist bara í kringum þig, án þess að þú skiljir hvaða hljóð hver stafur gefur frá sér, verður lestur flókinn og erfiður. Þú færð jafnvel þá sýn á þig að þú sért manneskja sem *geti ekki* lært að lesa, því hin börnin virtust ná þessu.

En rannsóknir hafa sýnt að um 40% barna læra að lesa hvernig svo sem hann er kenndur, en rannsóknir hafa líka sýnt að 94-99% barna eiga að geta lært að lesa ef lestur er

rétt kenndur.¹³

Allt of margar kennsluaðferðir, þar með talið á Íslandi, snúast um að það að læra að lesa sé bara eitthvað sem Gerist. Sennilega vegna þess að þannig lærum við að tala. Ef við heyrum tungumál í kringum okkur á ákveðnum aldri, þá lærum við að tala, og ef við skynjum ekkert tungumál, búum við það til¹⁴. Því í heilanum eru stöðvar, sem eru, á ákveðnum aldri, galopnar fyrir því að læra tungumál. Svo lokast þær hægt og rólega. Tungumálið Verður að einhverju innra með okkur, með því að Gerast fyrir utan okkur. Það verður til tungumálaskilningur sem Er, og þá getum við farið að tala sem Gerist. Þannig fólk leiðist að þeirri skiljanlegu niðurstöðu að til þess að börn læri að lesa, þurfi lestur að eiga sér stað í kringum barnið eins og tal gerðist í kringum barnið; þurfi að Gerast og þá munu börnin læra að lesa. En það sem Er, verður að vera þarna. Ef lestur á að eiga sér stað verður þekking á því hvaða hljóð hver stafur táknar

13 www.95percentgroup.com/insights/science-of-reading-strategies/

14 <http://archive.org/details/SilentChildrenNewLanguage>

að vera til staðar. Og það er ekki jafn sjálfvirkt eins og það að læra að tala.

„Dr. Hermundur Sigmundsson, sem gerði stóra lesrannsókn á norskum börnum, segir að skólinn eigi að nota aðferðafræði sem byggist á fremstu rannsóknum.

Við verðum að kenna bókstaf-hljóð í byrjun. Það er búið að sanna vísindalega að það er betra að nota þá aðferðafræði. Þannig að ég set svolítið spurningamerki við að vera að nota aðrar aðferðir en mest viðurkenndustu fræðimenn í heiminum og þeirra rannsóknir sýna fram á að við ættum að nota,“ segir hann“

www.ruv.is/innlent/hvad-er-byrjendalaesi

Íslendingar fóru í hina áttina og tóku upp lestrarkennslu aðferðir eftir manneskju sem segir að henni finnist hljóða aðferðin vera „steingeld aðferð“¹⁵. Hún hafi ekkert á móti henni, en að hún sé steingeld. Þess vegna fór hún í aðra átt. En þessi önnur átt færði börn lengra frá því að læra að lesa. Enda datt niður fjöldi þeirra barna sem gátu lesið eftir fyrsta bekk eftir innleiðslu þessara aðferða og

15 <http://www.visir.is/20151882583d/ekki-radherrans-ad-velja-adferdir-vid-lestrarkennslu>

hefur haldið áfram að lækka. Mig minnir að snjallsímanotkun hafi verið kennt um þessa skyndilegu lækkun. Að það hafi eitthvað Gerst, sem dró athygli barnanna í burtu. Og ef einhvers konar tölvum er ekki um að kenna, þá er það foreldrunum að kenna. En það er ekki rétt. 94-99% BARNNA EIGA AÐ GETA LÆRT AÐ LESA Í FYRSTA BEKK EF LESTUR ER RÉTT KENNDUR! Og það er magnað að þegar Vestmannaeyingar settu sér það markmið árið 2021 að ekkert barn færi í sjö ára bekk, án þess að þau „séu að ná að tengja bókstaf og hljóð“, semsagt það væri búið að kenna það sem Er, þá höfðu 98% barnanna lært að lesa í lok sex ára bekkjar, eftir annað ár átaksins. Til samanburðar er landsmeðaltalið milli 60-70%.

Það er búið að rannsaka þetta og sanna hvernig þetta er best gert. En það er hunsað og haldið áfram að halda að lestrarkennsla geti verið eitthvað sem bara Gerist, án þess að hlúa að því sem Er. En ef þú veist ekki að A segi A, þá geturðu ekki lesið. Alveg sama þótt það sé mynd til að

hjálpa þér við hliðina á alveg frábærum texta.

Þegar þetta hefur verið gagnrýnt hafa svörin verið nánast út í hött. T.d. að þessi manneskja sem segir hljóðaðferðina steingelda hafi haft nógu mikið af henni í sínu námsefni til að það þurfi ekki að bæta nokkru við. En það er hægt að fullyrða að það væri líklegra til árangurs ef sá hluti væri gerður af manneskju sem finnst hljóðaðferðin vera mikilvægur þáttur í lestrarkennslu, frekar en að hún sé steingeld. Í viðtölum hefur líka komið fram að ein ástæðan fyrir þessari tregðu er að það er svo leiðinlegt að kenna „Sísí sá sól“ endalaust. Mín tilfinning er að rígr við Ísaksskóla sé líka um að kenna. Að það megi ekki viðurkenna að einkaskólinn hafi haft rétt fyrir sér, því þar er lestur rétt kenndur með eðlilegum árangri.

Þar sem réttar aðferðir eru notaðar, gengur vel að kenna lestur. Þar sem rangar aðferðir eru notaðar, gengur illa að

kenna lestur. Mississippi¹⁶ er t.d. komið fram úr Íslandi í lestri á áratug (þó lestrarmælingar séu auðvitað ekki samræmdar milli Íslands og BNA). Mississippi var neðst í Bandaríkjunum, en tók upp þessar aðferðir og er nú komið fram úr Íslandi.

Það þarf að tengja hljóð og stafi og auka orðaforða. Byggja upp það sem Er. En fyrst og fremst að tengja hljóð við stafi. Ef þú kannt það ekki, kannt þú ekki að lesa, og þá er samfélagið lokað fyrir þér. Ástæðan fyrir því að fangar eru yfirleitt flestir illa læsir og/eða með ADHD er sú að samfélagið er að bregðast því fólki.

Það er mjög auðvelt að breyta þessu. Það sannar dæmið úr Vestmannaeyjum. Nema auðvitað að það sé tilviljun og að snjallsímanotkun hafi dottið niður og foreldrar skyndilega orðið betri í Vestmannaeyjum, á sama tíma og farið var að leggja áherslu á að tengja stafi við hljóð í skólanum.

16 <http://www.nytimes.com/2019/12/05/opinion/mississippi-school-naep.html>

Því það er alveg sama hvaða skoðun þú gætir haft á VeraGera, þá er þetta lögmál sem er allstaðar að störfum, og ef það er reynt að brjóta þetta lögmál, þá endar það alltaf illa. En þegar Vera og Gera er leyft að vinna saman, þá ganga hlutirnir betur.

Það er ekki óhugsandi að ímynda sér að börnum væri fyrst kennt VeraGera og svo væri byggt ofan á VeraGera öll önnur þekking. Að læra stafina gæti síðan komið næst og þá væri hægt að byggja þar ofan á VeraGera. Kenna börnunum að stafirnir séu tvenns konar, annars vegar samhljóðar sem Eru og sérhljóðar sem Gerast.

Til að kennsla eigi sér stað þarf fróðleikur að Vera eftir í huga nemendans. Það er ekki nóg að fróðleikur Gerist fyrir framan fólk, heldur verður allt nám að snúast um að fróðleikur sitji eftir í huga nemendans.

Séð frá sjónarhóli VeraGera er það augljóst og aðferðir sem snúast um eitthvað annað, dæmdar til að vera lítið annað en fálmi í myrkri.

EINHVERFA-EINPÓLUN?

Fyrir nokkrum árum síðan komst ég að því að ég er einhverfur, væri með það sem var einu sinni kallað Asperger, áður en fólk áttaði sig á að skilgreiningin „einhverft fólk sem Nasistar hefðu ekki drepið“ væri kannski ekki gagnlegust.¹⁷

Eftir þessa uppgötvun fór ég á stúfana og las allt sem ég fann um hvað einhverfa er og hvað sé hægt að gera til að auðvelda lífið sem einhverf manneskja í óeinhverfum heimi. Fann fátt sem hjálpaði, en margt sem fyllti mig vonleysi.

Skilgreiningum á einhverfu getum við skipt í tvo hluta, annars vegar taugafræðilegar lýsingar og svo hvernig

¹⁷ Hér verður aðeins talað um þá gerð einhverfu sem áður kallaðist Asperger og hún kölluð „einhverfa“ til einföldunar.

einhverft fólk lítur út í augum óeinhverfs fólks. Að þetta sé taugafrávik sem lýsir sér í ákveðinni hegðun.

Þegar ég fann svo samfélög einhverfra á netinu, þá er talað um einhverfu þar á allt annan hátt en í vísindunum, þar sem óeinhverft fólk lýsir einhverfu fólki út frá sínum eigin staðli. Að vera einhverf manneskja snýst um hvernig heimurinn er upplifaður og skynjaður, en ekki eingöngu hvernig við lítum út þegar við eigum samskipti við óeinhverft fólk. Á Wikipedíu er það annað sem er sagt, að einhverfa lýsi sér sem „vöntun á gagnkvæmum félagslegum samskiptum“. Það er eins og að lýsa því að lenda í bruna, sem það sé öskurvaldandi og brunalyktaraukandi; bara horft á áhrifin á fólkið í kring en alveg hunsað hver rótin er, sem og upplifun manneskjunnar sem er í aðstæðunum.

Einhverfa snýst ekki um það hvernig *heimurinn upplifir okkur*, heldur hvernig *við upplifum heiminn*. Það er upplifunin og skynjunin sem gerir okkur ólík og upplifunin og

skynjunin geta svo valdið frávikum í hegðun, atferli og framkomu.

Ástæða þess að mér finnst mjög óþægilegt að horfa mikið í augun á fólki, er að það er of mikið af upplýsingum. Ég skil þær ekkert allar, en það er of mikið flæði af þeim. Augnaráð er of „intense“, of mikil spennna, of ákaft, of sterkt. Það er ekki þannig að ég viti ekki að augnsamband sé venjan, heldur get ég illa hlustað á fólk á meðan ég held stöðugu augnsambandi. Ég heyri þá ekki í fólki fyrir augnaráðinu. Að neyða einhverfa til að horfa í augun, er að segja að það skipti ekki máli hvort við heyrum eða ekki, eða líði óþægilega; það eina sem skipti máli, er að líta venjulega út. Við sýnum hver við Erum með augnaráðinu og það getur verið of mikið af upplýsingum, ef það á að skiptast á orðum á sama tíma.

Ástæða þess að ég er að minnast á þetta er sú, að fyrir mér er skilgreiningin á einhverfu miklu frekar svona: Að vera

einhverf manneskja er að vera um of föst á Vera-pólnum og eiga í stirðu sambandi við Gera-pólinn. Að einhverfu megi lýsa sem ákveðinni einpólun. Það útskýrir af hverju einhverf manneskja segir kannski frekar sannleika sem særir, en lygi sem gerir það ekki. Sannleikurinn er það sem Er og það er furðulegt fyrir okkur að taka það sem Gerist fram yfir það sem Er. Að fara gegn því sem Er, er fyrir okkur oft meiri dónaskapur en að segja að eitthvað sé... ófullkomið.

Þessi VeraGera lýsing á einhverfu, útskýrir af hverju einhverfa hefur verið frá upphafi, vangreind í konum. Gera-póllinn er kvenlægur og einhverfar konur eiga kannski aðeins auðveldara með að Gera en einhverfir karlar. Einhverfan er því ekki jafn greinileg í augum óeinhverfa, því þær eiga auðveldara með að fela einhverfuna með grímun (e. masking) o.s.frv. Sama má segja um karla sem eiga auðvelt með að tjá sig.

Þetta útskýrir líka af hverju einhverfu fólki líður oft eins og það sé „minna einhverft“ þegar það drekkur áfengi. Áfengi veldur því að við gleymum aðeins Vera-pólnum og allt snýst um að Gera. Undir áhrifum áfengis getur fólk gleymt því að gjörðir þess hafi afleiðingar. Það getur verið þægilegt frí fyrir einhverfa manneskju.

Þar sem það er fátt um gagnleg ráð fyrir einhverfa, hef ég þurft að takast á við mína eigin einhverfu, með því að búa sjálfur til ráðin og ég hef gert það í samræmi við VeraGera. Ég skil að ég er of fastur á Vera og þurfi að Gera og til að Gera þurfi ég að læra að Gera og setja hlutina upp sem keðjur af aðgerðum. Ég verð að Gera hluti sem þjóna því sem Er. Að Gera hluti, sem skilja eftir daginn, eftir eitthvað sem Er. Þegar ég fór að gera þetta, fór lífið hratt að verða betra.

Þessi einhverfumeðferð byggist á því að milda sambandið við Gera, reyna að losna við eitthvað af stirðleikanum í

sambandinu. Eiga þægilegra samband við að Gera. Skilja að það sem Er verður að Gerast og það sé hægt að læra það og finna aðferðir sem gera það mögulegt.

Dæmi um þetta, sem mér finnst mjög óþægilegt að nefna en ég geri það samt því ég held að það sé gagnlegt, er að áður þá var yfirleitt allt í drasli hjá mér, þó það væri mér þvert um geð. Því mér leið dálítið eins og til þess að taka til, þyrfti ég að fara í hliðstæða vídd þar sem væri ekkert til nema tiltektin. Tiltektin var ekki að fara að Gerast, heldur að Vera. Til að taka til, þyrfti ég að breytast í tiltakara sem væri staddur í tiltektarviddinni, þar sem væri ekkert nema tiltektin ein, um aldir alda. Í alvörunni, það er mjög nákvæm lýsing á því hvernig ég upplifði tiltekt áður. En á þessu ferðalagi hef ég náð að skilja að engin tiltekt varir að eilífu. Til þess að tiltekt Gerist þarf henni að vera gefin tími. Niðurstaðan sem ég vil, er að það sé hreint í kringum mig og það sem þarf að Gerast er að tiltekt sé annað slagið gefin tími.

DÆMI UM SAMSKIPTAVANDA

Ímyndum okkur að einhverf manneskja (E) og óeinhverf manneskja (Ó) hafi mælt sér mót til að borða hádegismat og að E sé á bíl. Rétt áður en bíllinn rennur í hlað fær Ó símtal um að einhver nákominn sér hafi dáið.

Ó sest inn í bílinn og segir fréttirnar og E svarar með „en ætlum við ennþá að fara í hádegismat?“. Nú gæti einhver dregið þá ályktun að E hafi enga samkennd og það er viðbúið að Ó líti á þetta sem sjálfhverfan dónaskap af hæstu gráðu. En horfum á þetta frá sjónarhorni E. Ó sest inn í bílinn og segir þessar hræðilegu fréttir, áfallið er gríðarlegt en það er bíll að koma, hann er að nálgast og mun flauta ef E færir sig ekki, og það er stæði þarna og það væri hægt að leggja þar og tala saman, eða eru þau að fara í hádegismat ennþá... Til að leysa það næsta sem gerist, til að það sé hægt að tala um þetta, þarf E að vita hvað hún á að gera næst. Þetta væri sennilega einhverf manneskja í slíkum aðstæðum í fyrsta skipti. Í næsta skipti myndi hún sennilega byrja á að votta samúð og spyrja að réttu spurningunum.

Í þessu dæmi er það upplifunin sem veldur ruglingnum, en ekki að einhverft fólk séu dónar sem hata að sýna samkennd og eru skeytingarlausir um sársauka annarra. Þvert á móti er samkenndin svo sterk að hún getur rænt okkur hyggjuvitinu í aðstæðum þar sem er mikið í gangi.

Þegar ég fór að hugsa þetta svona fór tiltekt að gerast án árekstra. En ég þurfti að læra þetta handvirkt, að tiltekt sé bara að Gerast og þurfi að vera gefin tími. Og ég held að það sé aðstoðin sem einhverft fólk þarfnast, það er að læra að Gera handvirkt, það sem óeinhverft fólk lærir sjálfvirkt, eða nánast sjálfvirkt. Þá getum við betur blómstrað.

Ég er líka með þá kenningu að það sé til fólk sem er með þetta einhverfa skynjunarfrávik, en fékk í æsku þolinmóða kennslu í að Gera og því sé einhverfa þeirra ekki jafnmikil hömlun og fyrir okkur sem fengu það ekki. Finnst t.d. áhugavert að nánast allir uppáhaldsgrínistarnir mínir eru karlar sem hafa það sem ég myndi kalla mjög einhverft sjónarhorn og eiga foreldra sem voru kennarar.

Dæmi um eitthvað sem ég hef lært eru svipbrigði. Ég ströglaði einu sinni mikið við að skilja svipbrigði, en síðan komst ég að því að maður getur lært að skilja þau. Las í bók

að það hafði verið gerð rannsókn á svipbrigðum þar sem öll svipbrigði voru kortlögð. Fólkið sem kortlagði þau, gerði það með því að hreyfa þennan vöðva í andlitinu í þessa átt og hinn vöðvann í hina, þartil allar samsetningar höfðu verið reyndar og þannig kortlögðu þau öll möguleg svipbrigði. Þau komust að því að bros hefur jákvæð áhrif á hugarástand og skeifa neikvæð. Þau komust líka að því að til að skilja svipbrigði getur maður sett svipinn upp sjálfur og þá skilur maður betur hvað svipbrigðin þýða. Þetta gagnaðist mér. Ég gat lært þannig svipbrigði handvirkt. Síðan gekk ég enn lengra og fór að nota hugbúnað sem var þróaður fyrir bandaríska löggæslu þar sem hægt er að læra að nema örsvipbrigði¹⁸. Lærði ég það og hef tekið oft eftir örsvipbrigðum síðan.

Þarna er eitthvað sem ég sem einhverf manneskja á ekki að geta lært og það á að vera einkenni einhverfu. En ég gat lært það handvirkt. Þetta tvennt er lykillinn að því að hjálpa mér

18 Örsvipbrigði (e. microexpressions) eru svipbrigði sem bregður fyrir í örskotstund og afhjúpa það sem manneskjan hugsar

að lifa í óeinhverfum heimi, að skilja að aðgerðir þurfa að Gerast og geta verið í samræmi við það sem Er, og hitt, að læra að Gera handvirk. Þessi saga um svipbrigðin gerðist um fimmtán árum áður en ég komst að því að ég sé einhverfur.

Áður eyddi ég allri orkunni minni í að gríma en núna varpa ég því sem ég Er fram á yfirborðið. Í stað þess að leika einhvern annan, sýni ég hver ég Er og það er auðveldara. Stundum miklu auðveldara, stundum aðeins auðveldara, en alltaf auðveldara. Og í dag er svo ofboðslega margt miklu auðveldara en það var áður, þegar heimurinn var óskiljanlegur. Það er kannski þess vegna sem að ég uppgötvaði VeraGera. Heimurinn „meikaði ekki sens“ fyrir mér þannig ég leitaði að því sem myndi láta hann gera það. Sem ég fann endanlega í VeraGera.

Nú held ég að ég sé ekki með ADHD en hef kynnt mér það eitthvað og hlustað á fólk með ADHD lýsa því hvernig það

upplifir það. Fólk með ADHD lýsir því stundum þannig að það strögli við myndgeymd (e. object permanence), það lýsir líka að það gleymi tímanum, gleymi verkefnunum; gleymi því sem Er. Það hljómar mjög mikið fyrir mér eins og að ADHD sé eins og að fólk sé um of fast á Gera-pólnum og eigi í stirðu sambandi við Vera-pólinn. Að því sé akkúrat öfugt farið með ADHD og einhverfu. Það er a.m.k. auðvelt að sjá að athyglisbrestur sé skortur á sambandi við Vera og að ofvirkni sé að vera um of á Gera.

Mér finnst það líka vera áhugaverður punktur að íhuga að á síðustu 100-200 árum getum við sagt að Vera og Gera hafi verið að færast í sundur. Það er verið að slíta pólana í sundur og það er búið að pólarísera okkur svo mikið að pólítík er farin að snúast um að Vera og Gera séu andstæður og óvinir. Í slíku ástandi, þegar heimurinn er orðinn flóknari og þegar pólarnir fara að vera aðskildir, þá fer lífið kannski að vera erfiðara fyrir fólk sem er með svona frávik í skynjuninni. Þá fari lífið að vera meira strögl fyrir einhverft

fólk og fólk með ADHD og því komi frávikin betur í ljós. En í heimi þar sem er meiri samhljómur á milli Vera og Gera, er kannski auðveldara fyrir fólk að vera með slíkan taugafjölbreytileika. Ef þú fæðist, lifir og deyrð á sveitabæ þá eru hlutirnir sem þú þarft að læra bara ákveðið margir og þó það taki auðvitað tíma, þá þegar það er lært er kannski ekkert svo erfitt að vera einhverf manneskja eða með ADHD. En þegar það er búið að rífa Vera og Gera í sundur og samfélagið er hætt að standast skoðun og allt er byggt á því að upp sé niður og niður sé upp, þá held ég að við það stækki og fjölgi áskorunum við að vera einhverfur og/eða með ADHD¹⁹.

Það er stundum sagt að ef þú þekkir eina einhverfa manneskju þá þekkirðu eina einhverfa manneskju. Ég veit það er erfitt að fullyrða og reynsla okkar á rófinu er ólík, en að skilgreina einhverfu með því að nota VeraGera hjálpaði mér að skilja einhverfuna mína og að nota VeraGera hefur

19 Það er fólk sem er með bæði einhverfu og ADHD. Ætli það þýði að það eigi bæði í stirðu sambandi við Vera og Gera?

hjálpað mér að takast á við þær áskoranir sem hljótast af því að vera einhverfur. Við það hafa kostirnir við að vera einhverfur líka komið miklu betur í ljós. Því þegar ég var um of fastur á Vera og gat lítið Gert, þá gat það sem Er, lítið vaxið. Það að vera um of fastur á Vera hindrar Vera í að dafna og blómstra, því það vantar það sem Gerist. Vera og Gera vinna best saman.

Það að þú sért að lesa þessi orð er í beinu sambandi við að VeraGera hefur hjálpað mér við að geta Verið ég og Gert hluti í heiminum.

VeraGera hjálpaði mér að segja frá VeraGera.

VeraGera kenndi mér að VeraGera.

LOKAORÐ FYRRI HLUTA

Fólk þekkir ekki pólana tvo og er því endalaust að reyna að berjast á móti þessu náttúrulögmáli og reyna að aðskilja pólana sem eiga að starfa saman.

Í pólitíkinni eru pólarnir gerðir að óvinum. Í lestrarkennslu heldur fólk að það geti hunsað annan pólninn. Í vísindunum telja alvöru vísindamenn að allt geti komið úr engu, geti Gerst án þess að það sé nokkuð sem Er.

Okkur er sagt að tímabundnar aðgerðir geti skilað langtímaárangri. Sagt að ef þú eyðir peningunum í þetta í dag, þá verði lífið betra. En kaup á hlut gerir að sjálfsögðu ekkert betra. Það Er ekkert sem verður betra, heldur var bara eitthvað sem Gerðist þann daginn sem svalaði fýsn sem byggðist á ótta við það að eiga ekki eitthvað, að það sé vöntun á hlut sem sé vandamálið. En hlutir gefa sjaldan mikla gleði, en að dansa og syngja gleður yfirleitt. Og það er

hægt að gera það frítt.

Okkur er aldrei sagt að hlúa að því sem Er með því að Gera heldur eigum við helst bara að Gera og hugsa sem svo að það sé ekkert sem Er. Allt sé hvort eð er merkingarlaust. Um það er hægt að lesa margar hljóðkeðjur sem hafa merkingu.

Okkur er sagt að allt geti komið úr engu, hafi komið úr engu og við séum því í rauninni ekkert. Eins og póstmóðernisminn sem segir okkur að ekkert hafi merkingu og kapítalisminn sem segir okkur að ekkert sé merkilegt nema vörumerkin.

En orðin sem við notum hafa merkingu, erfðaeftni okkar hefur merkingu og líf okkar hefur merkingu.

Fyrsta skrefið til að skilja þetta allt, er að skilja VeraGera.

Náttúrulögmál númer eitt.

Seinni hluti

PÓLPAR NÚMER TVÖ

Það er ekki hægt að fara lengra með VeraGera án þess að minnast á pólparið sem við höfum, en dýrin og atómin ekki. Það er pólpur númer tvö og það pólpur er Gottíllt.

+



Gott



-

Gera



Vera



+



III†

-

Við höfum skilning á Góðu og Illu og við veljum á milli Góðs og Ills.

Dags daglega stendur það val kannski ekki á milli þess að bjarga lífi eða drepa, heldur miklu frekar hvernig við horfum á hlutina í kringum okkur. Því við getum valið að horfa á líf okkar með Góðum augum eða Illum augum. Þetta upplifum við oft eins og við séum í góðu eða vondu skapi.

Valið fer fram á mótum Vera og Gera, í nútímanum sem er á milli fortíðar sem Er og framtíðar sem mun Gerast. Hið hlutlausa dæmir og því er hlutlaus samtenging, valið, á milli Vera og Gera, milli Góðs og Ills, og milli VeraGera og GóðsIlls.

Við getum valið hvernig við sjáum hlutina og hvað við gerum og val okkur hefur augljóslega aðra vídd en dýrin og atómin. Höfrungar eru með stóra heila og eru kallaðir

vinalegir af mannfólki en hafa oft sést drepa unga kálfa til að geta hópnaðgað móðirinni. Ef höfrungar skildu GottIllt væru þeir að opinbera þar skuggalega Illsku sína, en eru í raun bara dýr að stjórna af eðlisávisun, Vera og Gera. Dýr hugsa „Ég vil Gera, svona get ég Gert, þannig ég Geri“. En við getum valið að gera Illt af Illum ástæðum og skiljum þegar eitthvað er Illt og það greinir okkur frá dýrunum og atómunum.

Í pólitík eru pólarnir vissulega Vera og Gera en það segir ekki alla söguna, því þar er líka Gott og Illt. Að ala á ótta er að fá fólk til að velja Illt, að stinga upp á aðgerðum sem bæta líf fólks er að velja Gott. Að fá fólk til að vera hrætt við annað fólk vegna þess hver þau Eru, er Illt. Að fá fólk til að sjá að aðstæður eru afleiðing þess að eitthvað hafi Gerst og að annað geti Gerst til að breyta aðstæðunum, er Gott.

Viðskiptalíf sem hámarkar gróða á kostnað lífsgæða fólks, er Illt. Peningakerfi sem snýst um hámarkun gróða á kostnað

lífsgæða fólks, er illt. Að kenna lestur rangt vegna þess að fólk heldur að manneskjan læri að lesa eins og hún lærir að tala, er ekki illt, en að hunsa staðreyndir málsins til að geta haldið í sömu hugmyndafræði á kostnað lífsgæða fólks, er illt.

Ef einhver les kynjahluta VeraGera og kemst að þeirri niðurstöðu að þar séu rök fyrir því að neyða konur til að gera eitthvað sem þær vilja ekki, þá er það illt.

Þegar karl og kona koma saman með sitt Vera og sitt Gera og mynda saman VeraGera, er þar líka Gottillt. Karl og kona koma saman til að hjálpa hvort öðru til að velja Gott yfir Illt, að velja kærleikann yfir óttann. Til þess segir konan við karlinn „Elskaðu“ og karlinn segir við konuna „Ekki vera hrædd“. Þannig á það að vera. Verra er þegar karlinn segir „Vertu hrædd við að elska mig ekki“ og þegar konan þarf að segja „Ég er hrædd“. Góðum karlmanni mætti lýsa sem svo að hann sé örlátt skjól.

Gott samfélag hefði við hliðina á vergri þjóðarframleiðslu, stuðul sem segir hvort samfélagið sé Gott eða Illt. Það gæti t.d. mælt heimilisleysi, kynferðisofbeldi, hvort börn séu svöng, lestrargetu, hvort fólk geti farið til læknis, hvort konur geti farið frá körlum sem beita þær ofbeldi o.s.frv.

Við þurfum að Vera Góð og Gera Gott, það helst saman. Það er ekki hægt að Vera Góð manneskja án þess að Gera það sem er Gott. Eins og Jakob Jósefsson, bróðir Jesú Jósefssonar, sagði „Trú án verka, er dauð“.

Í dag er yfirleitt frekar talað um rétt og rangt. Það eru svo flókin hugtök að þau eru nánast merkingarlaus því það er hægt að þvæla þau út í hið óendanlega. Í „vagnavandamálinu“ (e. trolley problem) er auðvelt að segja að það sé Illt að leyfa fimm að deyja til að komast hjá því að bera ábyrgð á dauða eins, en það er hægt að flækja það endalaust hvort það sé rétt eða rangt, þ.e.a.s. ef við

hunsum tilvist GóðsIlls og hugsum bara um hvað það mun gera okkur. Það er líka auðvelt að segja að það sé *rétt* fyrir fyrirtæki að hámarka gróða sinn, því ef enginn er gróðinn fer fyrirtækið jú á hausinn, en það er líka auðvelt að segja að það sé Illt að hunsa afleiðingar til að græða. Enda eru Gott og Illt léttari hugtök að skilja og nota. Að velja Gott er að sjá líf sitt og annað fólk með jákvæðum augum og Gera það sem er jákvætt. Að velja Illt er að sjá líf sitt og annað fólk með neikvæðum augum og Gera neikvætt.

Öll erum við blanda og plúsum og mínusum og öll getum við valið að fjölga plúsunum og fjölga mínusunum. Stundum getum við bara breytt mínusunum í núll, en það getur verið miklu betra ástand og besta mögulega byrjunin.

Því sem er Gott fylgir kærleikur og því sem er Illt fylgir ótti. Til að fá fólk til að samþykkja Illsku þarf fyrst að gera það hrætt.

Nú gætir þú hugsað sem svo, að við séum hér komin töluvert nálægt trúarbrögðum og það er alveg rétt.

Jóhannes var „lærisveinninn sem Jesú elskaði“ eða besti vinur hans, sá sem hann treysti fyrir móður sinni og opinberun.²⁰ Jóhannes byrjaði frásögn sína af starfi Jesú á orðunum „Í upphafi var Orðið“. Fyrsta Mósebók byrjar líka á „Í upphafi“ og þar lesum við að það fyrsta sem Skaparinn sagði með Orðinu var „Verði ljós“. Þar fann ég VeraGera. Þegar byrjanir þessara tveggja bóka sem byrja á „Í upphafi“ eru settar saman, þá er VeraGera þar komið.

Orðið er tungumál Skaparans, allt það sem Er Gott og mögulegt og til að búa til alheim þurfti að framkvæma, eða Gera, Orðið. Það þurfti að Vera Orð/tungumál og það þurfti að Gerast setning. Það saman myndar alheim. Það þurfti að Vera og það þurfti að Gera. Orð sem Er og ljós sem Gerist.

²⁰ Opinberunarbókin sem Jóhannes skráði byrjar á orðunum „Þetta er opinberun Jesú Krists“ og rétt fyrir krossfestinguna segir Jesú, Jóhannesi, að taka Maríu inn á heimili sitt sem sína eigin móður, sem hann og gerði.

VeraGera kemur úr Biblíunni, að stærstum hluta af blaðsíðu 1. Gottíllt er svo á blaðsíðu 2.

Og ekki halda að ég hafi „fattað“ VeraGera með „heilanum mínum“, því mér var miklu frekar sýnt VeraGera. Í huga minn skaut upp „Í upphafi“ úr 1. Mósebók og „Í upphafi“ úr Jóhannesarguðspjalli og svo „sá“ ég setningarnar renna saman. Misskildi þetta fyrst. Breytti Orði í tölur og rafsegulbylgjum í rafmagn og komst að þeirri niðurstöðu að þetta væri allt „stærðfræði og rafmagn“. Fyrst sýnt VeraGera og svo skildi ég VeraGera. Að skilja hlutlausu samtenginguna tók tvö ár. Að þetta sé Vera og Gera kom svo hægt að ég man ekki eftir því sem uppgötvun, það var miklu frekar eins og tímabil. Ég bjó ekki til VeraGera, heldur kenndi það sem Er mér VeraGera.

Atómið kenndi svo það sem var eftir. Eins og plús, mínus og núll og hjálpaði við að skilja eðli pólanna. Lærdómur

Biblíunnar og eðlisfræðinnar saman, er nóg til að skilja VeraGera, og virðist fyrir mér vera það sem er satt. Það verður farið betur í það síðar, en til að byrja með vil ég segja að það getur bæði verið satt, að Biblían segi sannleika og á sama tíma að flestallt sem er *sagt um* Biblíuna sé ósatt. Biblían kennir t.d. að við séum Sál=AndiLíkami, en yfirleitt er talað um andann sem sál, sem er hreinlega rangt frá sjónarhorni Biblíunnar.

YinYang kenndi næstum því sannleikann, en í Biblíunni er að finna VeraGera sem virðist alveg satt.

Samkvæmt Biblíunni eigum við að segja nei við þennan heim og segja já við Skaparanum, næsta heimi og kærleikanum. Það er í takt við að þessi heimur sé mínushlaðinn og að kærleikur sé ofar þessum heimi.

Best er að Gera það sem Er kærleikur, en verst er að Gera það sem Er ótti. Að velja Gott er að elska, að elska er að velja

Gott.

Ákvarðanir okkar ættu að endurspegla það.

ÞRIÐJA PÓLPARIÐ (sem við höfum ekki)

Við getum ekki skapað úr engu, en Skaparinn getur það. Andstæða sköpunar er eyðing og af því má leiða að Skaparinn hafi þriðja pólparið, SkapaEyða²¹. Í Biblíunni er Skapa á blaðsíðu 1 og Eyða á blaðsíðu 2.

Skapa væri þá plús og Eyða mínus, a.m.k. frá okkur séð.

Þessu er oft lýst sem að Skaparinn sé „Upphafið og endirinn, Alfa og Omega“; Skapari og Eyðandi.

Í Opinberunarbókinni er sagt um Eyðandann „sem heitir á hebresku Abbadon og á grísku Appólíon“, að hann sé „engill undirdjúpsins“. Það að Eyða sé tengt

²¹ Þriðja pólparið er ekki teiknað upp eins og fyrstu tvö því það væri komið of nálægt því að gera mynd af Skapanum

undirdjúpi finnst mér hljóma mjög eins og það sé verið að segja það sama og það sem er hér kallað mínushlaðið.

Plúsarnir væru þá „Skapa (það sem) Er Gott“ og mínusarnir „Eyða (því sem) Gerir Illt“. Þetta er einmitt það sem Biblían segir að Skaparinn geri²².

Eftir sköpunina í 1. Mós. 1:31 lítur Skaparinn yfir sköpunina og segir að hún sé „mjög góð“, Hann segir eftir að hafa Skapað landið, ljósin á himninum og lífið, að „það var Gott“. Hann Skapaði það sem Er Gott. Þetta er í blábyrjun Biblíunnar. Í lok hennar, í Opinberunarbókinni, er svo

22 Hinar svokölluðu kirkjur segja okkur að refsingin fyrir því að hafa rangar skoðanir sé eilífðarvist í eldi. Biblían segir okkur að fólk sem velji dauðann, með því að Gera Illt, uppskeri dauðann. Eldurinn er dauði en ekki eilíft líf í eldi. Þess vegna kallar Skaparinn dóminn „dauða“ í fyrstu bók Biblíunnar og þess vegna kallar Jesú dóminn „dauða“ í síðustu bók Biblíunnar, þar er hann meiraðsegja kallaður „hinn annar dauði“ fjórum sinnum. Dauði er endanleg brottför úr þessum heimi og hinn annar dauði er endanleg brottför úr hinum næsta. „Guðfræðingarnir“ svokölluðu útskýra þetta með því að dauðinn, eigi við það að fjarlægjast Skaparann en Jóhannes segir að ekki allar syndir séu „til dauða“ og það væri áhugavert að heyra þessa sömu „guðfræðinga“ útskýra hvaða synd það er sem fjarlægir okkur ekki frá Skaparanum. Ef dómurinn er ekki dauði hefði Skaparinn verið að ljúga í aldingarðinum þegar hann sagði „[...]þið munuð deyja“ og djöfullinn að segja satt þegar hann sagði „Vissulega munuð þið ekki deyja“. Það ætti að segja allt það sem þarf um boðskap hinna svokölluðu kirkna í dag. Kirkjur sem segja okkur að Biblían kenni að djöfullinn fái sinn æðsta draum uppfylltan á meðan að Skaparinn segir ósatt!

dómnum lýst þannig að þar sé þeim sem Gerðu Illt, Eytt. Skapa það sem Er Gott og Eyða því sem Gerir Illt.

Þegar VeraGera, GottIllt og SkapaEyða eru lesin saman förum við aftur í grunnmeiningu Biblíunnar, á ferðalagi sem byrjaði á því að lesa upphaf Biblíunnar með réttum augum. Vonandi segir það þér eitthvað.

Það að við höfum VeraGera og GottIllt er væntanlega það sem það þýðir að við séum „sköpuð í mynd“ Skaparans, frekar en að það þýði að Hann hafi tíu fingur og tíu tær.

Athugið samt að þetta er hvernig við sjáum Skaparann héðan.

Líklegt er að Hann eigi sér það sem við myndum kalla, kvenlega hlið, sem er Orðið. Orðið er plúshlaðið og er samofið Skapanum, sem er plúshlaðinn. Orðið og Skaparinn eru eitt, en við erum í tveimur hlutum, karl og

kona. Þess vegna kallar Skaparinn hjón „eitt hold“, þau eru ekki lengur tvö heldur tvær hliðar á einum líkama. Skaparinn vill ekki hjónaskilnaði því fyrir Honum erum við þá að rífa okkur í tvennt. Þetta myndi líka þýða að Vera (Orðið) sé „kvenlægt“ í yfirheiminum og Gera (Faðirinn) sé „karllægt“ þar. Að í plúshlaðna heiminum sé þetta öfugt á við okkar, mínushlaðna, heim. Það væri samræmi í því.

Alheimur okkar er að Gerast, hefur upphaf og endi. Af því er hægt að leiða tvennt:

1. Það Er eitthvað handan þessa heims, sem okkar heimur er að Gerast útfrá. Það verður að Vera eitthvað á endanum á keðjunni, Gera Gerist ekki af sjálfu sér heldur Gerist það útfrá einhverju sem Er. Þegar Móse spurði Skaparann að nafni svaraði Hann „Segðu að „Ég Er að Ég Er“ sendi þig“, það er það sem YHWH þýðir „Ég Er“ eða „Ég Er að Ég Er“.
2. Þessi heimur er þá mínushlaðinn á meðan að heimurinn sem Er (sá sem er efst í keðjunni), er plúshlaðinn.

Númer eitt sýnir fram á frumspekilega nauðsyn þess að það sé Skapari á endanum á keðjunni, á meðan að númer tvö vekur upp spurningar. Þýðir það að þessi alheimur sé mínushlaðinn að allt innan hans er á leið í dauða sinn? Og svo er það núllið, nifteindin. Andstæða núllsins er óendanleiki, að margfalda með 0 er það sama og deila með ∞ , að margfalda með ∞ , er það sama og að deila með 0.²³

Þýðir það að í plúshlaðna yfirheiminum að VeraGera sé með ∞ , þar sem 0, nifteindin, er hjá okkur? Það myndi þýða að núllið í nifteindinni sýni okkur hvar óendanleikinn er hjá Skaparanum, og væri þá kannski óendanleg samtenging. Önnur leið til að sjá að 0 og ∞ eru tengd er að horfa á reglulega hyrninga; „hyrningur“ með 0 horn og hyrningur með ∞ horn, eru báðir hringir.

Tíminn í yfirheiminum hlýtur að vera plúshlaðinn. Ætli það

²³ Ég veit að okkur var kennt annað í grunnskóla, en því minni, því nær núllinu, sem talan er sem deilt er með, er, því hærri verður útkoman. Að deila með 0.001 er það sama og að margfalda með 1000, að deila með 0.000001 er það sama og margfalda með milljón. Því ætti deiling með algjöru núlli að skila okkur óendanleika. En þetta er augljóslega umdeilt og venjan er að segja að útkoman sé „óskilgreind“ þegar deilt er með 0.

þýði að þar taki verur almennt framförum? Tíminn leiðir þá í meira líf en ekki dauða og tortímingu eins og hér í alheimi. Ætli þar séu bara plúsar og engir mínusar eða ætli VeraGera sé á hvolfi hér og Vera sé þar mínushlaðið og Gera þar plúshlaðið? Mér finnst langlíklegast að þar séu bara, það sem við myndum kalla, plúsar.

Stundum sést glytta í að það er margföldun hér að verki, eins og minnst var á í upphafi. Því væri andstæða $+/+$, $+/-$. Því ef það væri $-/-$ myndi það enda sem plús, þar sem þetta er margfaldað. Við sjáum að $+/-$ er neikvætt og $-/-$ er jákvætt. Það er Illt að hata náungann en það er Gott að hata að Gera Illt. Guðsóttinn er að óttast Eyðinguna, sem er mínushlaðin, a.m.k. frá okkur séð.

Ein leið til að sjá að heimur okkar er mínushlaðinn, er að horfa á já og nei. Fyrirfram væri það kannski líklegt að já væri plúshlaðið og nei væri mínushlaðið, en það er nokkuð ljóst að Vera er nei og Gera er já, eins og í forritun þar sem 0

er Vera og 1 er Gera.

Að segja já við þennan heim er því mínushlaðið og að segja nei er plúshlaðið. Boðorðin 10 eru listi af nei-um, hvað við eigum *ekki* að gera. Svo kemur annað pólpárið, Gottíllt, með birtingarmyndirnar kærleikur og ótti og þar eigum við að velja kærleikann. Kærleikurinn er plúshlaðinn hér og líka handan þessa heims. Kærleikur er ofar þessum heimi.

Er nánast, eða alveg, guðlegur.

ÞAÐ SEM STANGAST Á VIÐ VERAGERA

Allt sem hægt er að mæla, snerta og sjá, virðist fara eftir VeraGera. En það er a.m.k. þrennt sem stangast á við VeraGera: peningarnir sem hafa verið ræddir, þróunarkenningin og miklahvellur.

Heimurinn kom úr engu, en hvernig? Var það af ástæðu, eða ástæðulausu?

Þegar VeraGera hlustar á Miklahvell spyr það „Hvernig getur eitthvað Orðið til með því að Gerast?“ og „Hvernig getur eitthvað Gerst án þess að nokkuð hafi Verið?“.

Raunar var það útbreidd skoðun meðal eðlisfræðinga, að alheimurinn gæti ekki átt sér upphaf, m.a. vegna þess að

Það þýddi þá að það væri til Skapari²⁴. Þartil mælingar leiddu í ljós að alheimurinn ætti sér upphaf, þá þögnuðu raddirnar sem sögðu að upphaf alheimsins þýði að það sé til Skapari.

Þróunarkenningin segir að líf á jörðinni hafi bara Gerst og miklihvellur segir að alheimurinn hafi bara Gerst. Það hafi Verið ekkert, sem síðan Gerðist. Þannig á allt að hafa orðið til og svo lifnað við! Þegar *ekkert* Gerðist.

VeraGera segir að ekkert komi úr engu, heldur verði að Vera til að Gera og ef eitthvað Gerir, þá Er það.

Þróunarkenningin og Biblían eru sammála um að manneskjur komu af jörðinni, en eru ósammála um hvernig og hversu hratt. Þróunarkenningin segir óviljandi og hægt, Biblían; viljandi og hratt.

²⁴ Meðal eðlisfræðinga sem héldu þessu fram var Fred Hoyle sem smíðaði orðið miklihvellur sem háðsyrði til að lýsa þeirri hugmynd að alheimurinn ætti sér upphaf, sem hann taldi að gæfi til kynna sköpun.

Fyrsta lífveran þurfti að vakna til lífsins og fjölga sér. Ekki bara að hafa vaknað til lífsins, heldur líka að hafa fjölgað sér áður en hún hætti að lifa. Fyrsta lífveran í keðjunni sem leiddi að okkur, verður að hafa haft hlekk fyrir neðan sig og ekki fyrir ofan sig. Fyrsti hlekkurinn í keðjunni verður að vera eitthvað sem vaknaði til lífsins og byrjaði að fjölga sér, helst án þess að þurfa að innbyrða næringu, því það væri örugglega of langt gengið, að korn eða leðja hafi vaknað til lífsins, nært sig og svo fjölgað sér.

En til að fjölga sér þarf fyrsta lífveran að hafa haft erfðaeefni.

Nútímalíffræði hefur reynt að útskýra þetta með kenningunni „RNA World“, sem segir að fyrsta lífveran hafi verið RNA sem fjölfaldaði sig. Að ólífrænt efni, hafi orðið af sjálfu sér að RNA, sem vildi svo heppilega til að var einmitt RNA sem gerði virkt afrit af sjálfu sér. Ekki bara virkt afrit, heldur virkt afrit af sjálfu sér. Korn rákust á hvort annað,

festust saman og voru síðan sjálfsafritandi erfðaeefni. Eða eitthvað í þá áttina.

Það er svipað og að segja að tungumálið hafi komið frá því að orðabók hafi birst á jörðinni, einhver hafi fundið hana, lært hana utanað og byrjað að tala. Í báðum tilvikum er tilvist upplýsinga útskýrð með því að upplýsingarnar hafi birst af sjálfu sér og hafi verið um leið, skildar og notaðar.

Því erfðaeefni eru upplýsingar, upplýsingar um hvernig lífveran á að vera sem hefur erfðaeefnið. Ef RNA verður til að sjálfu sér, eru upplýsingar að verða til að sjálfu sér og ekki bara það heldur kemur merking upplýsinganna þá á eftir upplýsingunum sjálfum! Því RNA-World segir að fyrst hafi komið RNA, sem síðan afritaði sig. Fyrst upplýsingar, svo merking upplýsinganna. Eðli upplýsinga er hinsvegar að fyrst Er eitthvað, sem er svo lýst með upplýsingum.

Lífið á að hafa kviknað með því að það Gerðist, og svo

Þróuðust eiginleikar með því að þeir Gerðust. Augað er afrakstur þess að það Gerðist. Það var ekki auga, en síðan Gerðust atburðir sem ullu því að við höfum auga. Þeir atburðir voru mistök við afritun erfðaefnis, kallaðir stökkbreytingar.

Það er hægt að lýsa þessu ferli svona:

Einu sinni var líf að reyna að sjá ekki, en gerði mistök og sá. Einu sinni var líf að reyna að geta ekki flogið, en gerði mistök og flaug. Einu sinni var líf að reyna að geta ekki talað en það mistókst, og þannig lífið fór að tala.

Stökkbreytingar eru mistök við afritun erfðaefnis. Það er verið að reyna að gera eitt, en annað gerist í staðinn. Slík mistök, ásamt náttúruvali, að góðir kostir lifa áfram, er þróunarkenningin.

Á hverju einasta stigi þróunar augans verður lífið að hafa verið að reyna að gera *ekki* það sem svo varð hluti af

auganu. Lífið var að reyna að sjá ekki í lit, en það mistókst, þannig lífið sá í lit. Það var að reyna að geta ekki stillt fókus, hreyft augun, skynjað stærð og dýpt, sent upplýsingar í heilann sem eru þar skildar, þýddar og sendar áfram. En allt þetta misheppnaðist og þannig eigum við að hafa fengið þessa eiginleika. „Lífið er það sem gerist á meðan þú gerir önnur plön“ sagði John Lennon, en þróunarkenningin segir „Augað er það sem gerist, þegar lífi mistekst að gera ekki auga“.

Þegar þróunarkenningunni er lýst sem hafandi á einhvern hátt „leyst vandamál“ eða eitthvað hafi þróast „til þess að“ gera eitthvað, eins og er algengt í náttúrulífsheimildamyndum, þá er þar verið að lýsa ferli sem er algjörlega andstætt því sem þróunarkenningin segir að þróun sé. Þetta pirrar líffræðinga svo mikið að mjög oft er þetta leiðrétt í upphafi fyrirlestra um þróunarkenninguna. Rétt lýsing á þróunarkenningunni er að hæfileikar birtast uppúr þurru og að ástæðulausu, og það

sem gagnast lifir. Stökkbreytingar, sem eru í eðli sínu handahófskenndar og fyrirhyggjulausar, og náttúruval, það sem gagnast, lifir.

Það hlýtur að segja eitthvað um þróunarkenninguna að henni sé yfirleitt lýst sem andstæðu sinni, því þegar henni er rétt lýst, þá hljómar það svo undarlega.

Í líkama okkar er allt fullkomlega hannað og úr einmitt rétta efninu. Hvert bein er tengt viðeigandi vöðvum og sinum sem eru svo, í gegnum taugakerfið, tengd við heilann sem hefur yfirleitt algjöra stjórn á hverri hreyfingu.

Blóðið, æðarnar, lungun og hjartað, væru gagnslaus ein og sér, en þar sem við höfum allt settið þá er það vægast sagt gagnlegt. Blóð án æða, lungna og hjarta væri gagnslaust. Hjarta án lungna, blóðs og æða væri gagnslaust. Það þarf að hafa allt settið og þá er það forsenda lífs okkar.

Charles Darwin fékk hugmyndina að þróunarkenningunni við að skoða spottfugla, en frægara er dæmið um finkurnar. Á mismunandi eyjum í Galapagoseyjaklasanum, var framboð af mat ólíkt og finkurnar voru með gogga sem pössuðu við þann mat sem var fáanlegur í nærumhverfi þeirra. Þetta taldi Darwin sýna að löturhæg þróun hefði hoggið rétta gogginn á finkurnar með stökkbreytingum og náttúruvali.

Uppúr 1970 fóru síðan hjónin Peter og Rosemary Grant að fylgjast með finkunum á Galapagos og komust að því að þær aðlöguðust ekki hægt heldur hratt, þegar framboðið af mat breyttist. Í stað þess að bíða eftir stökkbreytingum og náttúruvali, eignuðust finkurnar strax afkvæmi sem voru búin undir framboðið af mat í umhverfi þeirra. Ekki löturhæg þróun heldur leiftursnögg aðlögun.

Þau hjónin kalla þetta að náttúrvalið virki miklu hraðar en áður var haldið. En þetta eru ekki handahófskenndar stökkbreytingar að störfum né náttúruval, heldur eru þetta

nákvæm viðbrögð við aðstæðum. Viðbrögð, sem eru skrifuð í erfðaeefnið í kjarna hverrar einustu frumu finkanna. Það er eitthvað í erfðaeefni þeirra sem segir „Þau tíðkast nú hin hörðu fræin“ og sníður gogg eftir því. Blindi úrsmiðurinn þarf að vera alsjáandi til að það gerist. Eitthvað í erfðaeefninu þarf að „sjá“ framboðið af mat og „vita“ hvernig gogg þarf til að bregðast við því.

Því það sem fólk heldur að séu dæmi um þróun, er í raun og veru oftast aðlögun. Og aðlögun sem er löturhæg, er bara gagnleg ef aðstæðurnar breytast löturhægt. Ef aðstæður breytast skyndilega, er hæg þróun gagnslaus og það er ekki það sem við sjáum í náttúrunni. Við sjáum að næsti ættliður hefur strax aðlagast og ef aðstæðurnar breytast aftur er næsti ættliður eftir það, búinn að aðlaga sig að þeim aðstæðum sem hann fæðist inn í.

Það er ekki þróun, heldur innbyggður fjölbreytileiki sem getur brugðist við hverju sem er.

Biblían segir að við upphaf alheimsins hafi allt Orðið, tungumál Skaparans, Verið, m.a. sá hluti Orðsins sem við köllum náttúrulögmálin. Síðan hafi Gerst ljós. „Verði ljós“ sagði Skaparinn. Það er lýsing á gerð alheims sem brýtur ekki VeraGera. Ef Orðið Er og svo skín ljós þar sem er ekkert, þá fer ljósið í allar áttir og þar sem ljósið hefur farið, verður eftir geimur, því ljósið þarf að hafa farið um geim eða rými. Ljós í tómi getur svo orðið að efni.

Nútímavísindin segja „Miklihvellur“, Biblían segir „Miklaleiftur“. Óviljandi bang, eða viljandi bling.

Og talandi um Orðið, við höfum orð, þ.e.a.s. tungumál. Samkvæmt Noam Chomsky, föður nútímamálvísinda, geta stökkbreytingar og náttúruval, þ.e. þróunarkenningin, ekki útskýrt tilvist tungumála. Það að allt það sem tungumálið krefst hafi komið fram á jafn stuttum tíma og gögnin sýna, segir hann að útiloki að stökkbreytingar og náttúruval

eingöngu, geti útskýrt það. Það sem greinir okkur helst frá dýrunum er eitthvað sem þróunarkenningin getur ekki útskýrt. Þróunarkenningin getur ekki útskýrt tilvist orðanna sem útskýra hana.

Til að geta talað, þurfum við að hafa barkakýli og raddbönd sem geta framkallað breiða tíðni fjölbreyttra hljóða, tungu sem er sveigjanlegri en aðrar, tennur og varir sem geta framkallað fjölbreytt hljóð og eyru sem geta numið örbreytingar, sem hjálpa við að skilja hljóð. Allt þetta greinir okkur frá dýrunum og ég hef ekki einu sinni minnst á það sem er merkilegast og óútskýranlegast, sem er orðabókin og málfræðingurinn í heilanum á okkur og hversu auðvelt það er fyrir manneskjuna að læra tungumál í upphafi lífs hennar. Líffræði okkar knýr okkur til að nota tungumál!


Ég endurtek að merkasti málvísindamaður heimsins segir að þróunarkenningin ein geti ekki útskýrt tilvist tungumálsins,

en segir að hafi gerst með einhverju ferli sem manneskjan skilji ekki ennþá²⁵.

Annað sem er mjög langsótt að geti hafa þróast, er þarmabakterían með utanborðsmótorinn. Í þörmum okkar er baktería sem hefur mótör með tannhjólum og gírur, sem snýst 20.000 sinnum á mínútu. Þessi baktería hefur snúð (e. rotor), sátor (e. stator), drifskaf, kúplingu og legur. Mótorinn getur snúist í báðar áttir með hjálp kúplingarinnar. Orkubreyting (e. energy conversion) mótorsins getur náð næstum 100%.

Allir þessir hlutir eru fullkomlega samsettir í svipumótör (e. flagella motor) sem er 26 nanómetrar. Það þýðir að ef þú tækir 4000 slíka bakteríuutanborðsmótora og raðaðir þeim hlið við hlið, væri það jafn þykkt og mannshár. Það er furðulegt að fólk sé sammála um að allar kúplingar séu hannaðar, nema líffræðilegar kúplingar.

25 www.chomsky.info/20140826



Hluti utanborðsmótorsins sem er 1/4000 af breidd mannshárs

Þegar við vorum orðin nógu tæknivædd og menntuð til að skilja ferlana sem gera okkur, fundum við oft sömu tækni og við höfðum fundið upp í öðrum deildum háskólanna, nema bara flóknari, sjálfvirka og gerða af frumum, sem höfðu verið búnar til úr forritunarkóða og mat.

Erfðafræðin hefði átt að getað bundið enda á þá firru að við séum eins og leirker án leirkerjasmiðs. Tilvist tungumálsins og annars pólparsins, Gottíllt, ætti líka að geta gert það. Það að við getum talað og séum með val á milli þess að gera Gott

eða illt, og það hafi þá merkingu. Hamstur er ekki að gera illt þegar hann borðar barnið sitt, en ef við gerðum það hefði það allt aðra merkingu, því við skiljum Gott og Illt og við veljum á milli þeirra. Dýr geta ekki verið vond við fólk, bara varið sig gegn þeim eða notað þau til átu. En fólk getur verið vont við dýr.

Förum nú aftur yfir í erfðafræðina. Stundum sé ég að VeraGera hljóti að vera að störfum, þó ég viti ekki hvað það gæti þýtt. DNA hefur t.d. svokallaðan sykurfosfat-burðarás. Fosfat finnum við í beinum, tönnum og steinum, því sem Er og sykur er orka, skilgreiningin á einhverju sem Gerist. VeraGera hlýtur að vera að gera eitthvað þarna, þó ég viti ekki hvað það er, þá passar þetta of fullkomlega við VeraGera til að það sé bara tilviljun. Því allt sem við getum snert, mælt og séð, fer eftir VeraGera, því það er lögmál, og ef eitthvað brýtur VeraGera þá hlýtur það að vera rangt.

Darwin hélt að frumur væru hlauppokar, en eru í raun og

veru flókin samfélög. Erfðafræðin kennir okkur að við höfum lífrænan forritunarkóða sem svo þrívíddarprentar okkur innanfrá, með skilvirkni sem okkur gæti bara dreymt um.

DNA er svo skilvirkt þegar kemur að því að geyma upplýsingar, að öll tölvugögn mannkyns, allar þær upplýsingar sem eru stafrænar, kæmust fyrir á hálfu kílóí af þurrkuðu DNA. Öll gögn mannkyns!

Segjum að meðalmanneskja sé með 20 grömm af DNA, það myndi þýða að í þeirri manneskju séu 4,3 exabæt af upplýsingum. Það eru 4,3 milljarð gígabæta eða 4,3 milljón terabæt. Við erum að tala hér um stafræn gögn, sem svo þrívíddarprenta okkur, innanfrá! Með svo fullkomlega samþættu notendaviðmóti að þér finnst þú vera eitt með stýrikerfinu.

Það er líka áhugavert að Biblían kenni að allt komi frá

Orðinu og að mannkynið uppgötvi 2000 árum síðar DNA, sem er orð eða tungumál. Erfðaefni er án vafa tákni sem hafa merkingu, og „tákn sem hafa merkingu“ er skilgreiningin á tungumáli, orði.

En það væri ekki eina líffræðilega tilviljunin í Biblíunni. Fyrir flóð segir Skaparinn t.d. að Hann ætli að takmarka aldur mannsins við 120 ár. Það næsta sem gerist er að það myndast erfðafræðilegur flöskuháls og mannkynið fer að lækka í aldri. En ekki strax, heldur er það veldisminnkun þartil 120 árum er náð og á nútímalistum yfir elsta fólk heims er það hæsta 119.5 ár (fyrir utan eina umdeilda, en mjög fræga, undantekningu²⁶).

En strax í upphafi er líka annað sem er kannski ekki tilviljun en væri a.m.k. heppni. Því konan er sögð koma frá karlinum.

26 Jeanne Calment hélt fram að hún hafi fæðst 1875 sem myndi þýða að hún náði 122 ára aldri. Það er umdeilt og ekki útilokað að konan hafi í raun verið dóttir Jeanne Calment sem tók yfir líf móður sinnar þegar hún dó til að komast hjá erfðaskatti og öðru slíku. Hér er slóð á grein úr tímaritinu New Yorker þar sem aldur Jeanne er dreginn í efa. www.newyorker.com/magazine/2020/02/17/was-jeanne-calment-the-oldest-person-who-ever-lived-or-a-fraud


Ef það væri öfugt væri hægt að afskrifa Biblíuna sem líffræðilega heimild þar sem að konur hafa XX-litninga en karlar XY-litninga.

Okkur hefur verið gefinn skilningur. Ekki bara gefinn skilningur á GóðuIllu heldur getum við líka skrifað um það á tölvur og gefið það út á bók svo annað fólk geti lesið það, því við skiljum tungumál. Höfum orð. Bæði í kjarna fruma okkar í formi DNA og í huga okkar í formi tungumáls.

Er endilega líklegasta skýringin á því að lífið hafi bara Gerst án þess að nokkuð hafi Verið. Hvar getum við séð það í náttúrunni? Að eitthvað Gerist án þess að það sé nokkuð sem Er?

Ef einhver veit um slíkt dæmi getur viðkomandi afsannað VeraGera²⁷, en ef engin slík dæmi finnast, erum við sennilega ekki afkvæmi einskis.

27 Ég ítreka að netfangið mitt er aftast í þessu kveri og ég vil biðja allt fólk sem veit um eitthvað sem Gerist án þess að nokkuð Er, að senda mér tölvupóst.



*PS. Þetta er svokölluð hvelfing sem er í
öllum frumum okkar og enginn skilur
hvað er*

EF HEIMINUM VÆRI STJÓRNAÐ AF ILLSKU...

Ef þessum heimi væri stjórnað af illsku, hvernig væri hann öðruvísi en hann er í dag? Væri gildismatið annað eða væri gildismat ills heims líka að horfa fyrst og fremst á veraldlegan auð, þegar fólk er vegið og metið?

Væri í illum heimi, konum sagt að fjölskylda sé þrældómur og raunverulegt frelsi sé fólgið í að vera sjálfstæður neytandi með eigin skuldir? Eða væri það bara í okkar?

Og væri í illum heimi, körlum sagt að það að þjösnastráframt og á öðrum, sé karlmennska og það að hjálpa og styðja sé að haga sér eins og „kelling“? Eða væri það bara í okkar?

Myndi í illum heimi fólk líka spyrja konur sem eru þolendur

kynferðisofbeldis hvað þær gerðu til að verðskulda að vera nauðgað, eða er hægt að bregðast á verri hátt við kynferðisofbeldi en það?

Í illum heimi, fengju vopnaframleiðendur ennþá að hafa áhrif á hvort þjóðir fara í stríð eða ekki?

Ef heiminum okkar væri skipt út fyrir illan heim, myndi framkoma samfélagsins við fátæka, heimilislausa, atvinnulausa, öryrkja og skynsegin (e. neurodivergant) versna eða standa í stað?

Í illum heimi, myndu stjórn málin breytast eða væru þau ennþá ríkt fólk að stjórna í gegnum leppa sem þykjast vera að vinna fyrir fólkið en eru bara að þjóna ríka fólkinu sem gaf þeim embættin, eða er til verri útgáfa af lýðræði en það?

Okkur er sagt að vera góðir neytendur, annars erum við ekki almennilegt fólk. Væri það líka í illum heimi eða

myndu billjónamæringar haga sér öðruvísi þar, og ljúga einhverju öðru að okkur?

Myndu kirkjur ills heims líka ljúga upp á Skaparann og Ritningu Hans, eða væri það öðruvísi en hjá okkur?

Nei, svona í alvörunni, hvernig er þessi heimur öðruvísi en illur heimur?

HVAÐ SEGIR BIBLÍAN?

Biblían er saga heimsins, sögð frá sjónarhóli Skapara hans sem er að eiga við mjög óhlýðin og vanþakklát börn, sem velja yfirleitt Illt yfir Gott.

Þau sem velja Gott yfir Illt uppskera eilíft líf á meðan fólk sem velur Illt og dauðann, uppsker dauðann.

Athugið samt að þegar ég tala um Biblíuna, er ég ekki að tala um það sem „guðfræðingarnir“ með breiðu borðana og þungu bækurnar segja að standi þar. Ég er að tala um það sem raunverulega stendur þar og það er töluvert annað en okkur er sagt. Í Bandaríkjunum eru t.d. flestir á því að það sé hálfgerð móðgun við Skaparann að reyna að fara eftir lögum Hans og að Hann geri fólk peningaríkt sem hefur

rétu skoðanirnar í Hans garð. Það er u.þ.b. andstæðan við það sem er satt og saga samfélags kristinna í dag, endurspeglar sögu Gyðinganna í Gamla testamentinu.

Þetta er saga Gyðinganna frá því að þeim voru gefin boðorðin 10:

Var gefið land þar sem bjó fólk sem m.a. fórnaði börnunum sínum til útskorinna trjádrumba, sem þau kölluðu guði. Gyðingarnir áttu að uppræta þessar þjóðir svo illska þeirri dæi út, en þeir gerðu það ekki og létu þess í stað glepjast af falsguðum Babýlon og fóru sjálfir að fórna börnunum sínum til útskorinna trjádrumba. Voru þá sendir í útlegð til Babýlon en eru svo leiddir aftur heim. Þá fór fólkið loks að hlusta og lét af skurðgoðadýrkuninni. Á tímum Jesú er trúin orðin að mestu leyti innantómir helgisiðir.

Þetta er saga samfélags kristinna frá Jesú:

Átti að vera samfélag trúaðra og að gera allar þjóðir að lærisveinum í sambandi við Skaparann, en sameinaðist í

staðinn afkvæmi babýlónsku trúarbragðanna og tók þaðan: þrenninguna, eilíft helvíti, jólin²⁸, páskana sem frjósemishátíð, sunnudagstilbeiðslu, skurðgoðadýrkun, dýrkun á móður og barni, drottningu himinsins (Maríu er gefin sá titill) og dýrkun á dáu fólki (dýrlingadýrkun). Í Opinberunarbókinni segir Skaparinn fólkinu Sínu að fara útúr Babýlon (athugið að fólkið Hans getur ekki farið útúr *Babýlon* nema þau séu í *Babýlon*). Kirkjan í dag er að mestu leyti innantómir helgisiðir.

Jesú sagði að við ættum ekki að hafa neina leiðtoga, því við erum öll systkin, og alls ekki kalla neinn innan trúarsamfélagsins föður, því það er einn Faðir og Hann er á himnum. Rómverska kirkjan hefur leiðtoga sem kallar sig hvorki meira né minna en „staðgengil Jesú“, og hún kallar *alla* leiðtoga feður. Páfi þýðir meiraðsegja faðir.

28 Jólunum fylgir lygasaga um hálfguð veraldlegra hluta sem heitir á frummálinu nánast satan.

Jesú var fátæklingur sem var drepinn af Rómarveldi og eftir dauða sinn tók yfir Rómarveldi.



*Í Hallgrímskirkju er 2.
boðorðið brotið og púði svo
fólk meiði sig ekki í hnjónum
þegar það fullkomnar
boðorðsbrotið*

Þegar orð Jesú eru lesin sést það fljótt hversu allt öðruvísi maður Jesú var en hvernig kirkjur heimsins mála hann. Jesú var töffari, stóð upp í hárinu á valdafólki og myndi örugglega gera grín að prestum Þjóðkirkjunnar með sína „þykku borða og þungu bækur“ eins og hann hæddist að farísunum. Hann boðaði hlýðni við boðorðin 10 en stærsta kirkja heims og líka Þjóðkirkjan, hafa tekið út boðorðið um skurðgoðadýrkun og brjóta það í kirkjum sínum og brjóta líka hvíldardagsboðorðið til að hafa helga daginn sama dag og í Babýlon.

Það er líka mikilvægt að athuga að þýðingar á Biblíunni breyta oft því sem þar stendur. Það er sennilega allt fólk sammála um að Jesú hafi ekki breyst mikið frá árunum 1981 til 2007, en ef íslenskar biblíuþýðingar frá þessum tveimur árum eru skoðaðar, sést að Jesú breyttist í Drottinn á þessum 26 árum. Því í útgáfunni frá 1981 er Jesú kallaður „herra“, enda er það þýðingin á gríska orðinu *kurios*. En í þýðingunni frá 2007 hefur það breyst og nú kalla allir Jesú „Drottinn“ sem er hvernig YHWH er þýtt í Gamla testamentinu. Raunar fyrir utan þegar Jesú hittir samversku konuna við brunninn. Hún veit ekki hver hann er þegar hún kallar hann *kurios* og þá er það látið þýða „herra“.

BIBLIAN81

Biblían (1981)

²⁸ Þegar hann kom heim, gengu blindu mennirnir til hans. Jesús spyr þá: „Trúið þið, að ég geti gjört þetta?“

Þeir sögðu: „Já, herra.“

Matteusarguðspjall 9:28

BIBLIAN07

Biblían (2007)

²⁸ Þegar hann kom heim gengu blindu mennirnir til hans. Jesús spyr þá: „Trúið þið að ég geti gert þetta?“ Þeir sögðu: „Já, Drottinn.“

Matteusarguðspjall 9:28

Því miður eru mörg dæmi um þetta í öllum þýðingum á Biblíunni. Þær eiga yfirleitt eitt sameiginlegt, að gera boðskap Biblíunnar meira eins og Babýlon. Í

Þessu tilviki þarf að finna rökstuðning fyrir því að Jesú sé partur af þrenningu og samræma íslensku þjóðkirkjuna betur við móðurkirkjuna rómversku.

Fólk talar um að „trúa á Jesú“ í merkingunni að hafa þá skoðun að hann sé til, en réttari meining er að það þýði við eigum að vera „trú Jesú“ í merkingunni að hlýða þeim skipunum sem hann gaf okkur, sem voru að elska, fyrirgefa og hlýða boðorðunum 10. Jesú er konungur og konungar krefjast þess að þegnar þeirri hlýði, en hafi ekki bara þá skoðun að þeir séu konungar.

Alheimurinn og lífið á jörðinni, er kærleikurinn að Gerast. Hér er tímabundið rými þar sem fólk fær tækifæri til að sýna fram á að það geti valið Gott yfir illt. Ef það heppnast, fær það aðgang að eilífðinni. Dómurinn byggir á verkum okkar. Það sem við Gerum sýnir hvað við Erum.

Mér finnst skemmtilegt hvað fólk er farið að tala oft um að

lífið í þessum heimi sé eins og í hermi (e. simulation), því það mætti segja að það sé það sem Biblían kenni. Það er hægt að hugsa þetta þannig að okkar heimur sé ekki náttúrulegur heldur undirnáttúrulegur. Það er ekki endilega eðlilegt ástand anda frá Skaparanum, að búa í dauðadæmdum kjötbúningi.

Þessi heimur er eins og afskekktur heimavistarskóli þar sem námið er að velja Gott yfir Illt og svo er einkunnaafhending í lokin, þar sem er skorið úr um hvort við hættum að vera til eða höldum áfram að vera til. Einkunnin byggir á því hversu vel við náum að tileinka okkur námsefnið, að velja Gott yfir Illt.

Hér bjó Skaparinn til rými svo við getum orðið til í lokuðu umhverfi sem hefur ekki áhrif, nema bara hér. Hér fáum við óvitarnir, sem höfum ekki sýnt fram á að við getum valið Gott yfir Illt, að lifa, til að sýna fram á, með gjörðum okkar, að við getum það.

Þar sem er fólk sem getur valið milli Góðs og Ills, en hefur ekki sýnt fram á að það höndli það val, verður að vera dauði. Þú getur ekki fengið að velja milli Góðs og Ills, áður en þú hefur sýnt fram á það að þú getir það, og líka fengið eilíft líf. Það býður upp á augljós vandræði. Þess vegna var djöflinum kastað hingað niður þegar hann hafði gert uppreisn, og þess vegna var Adam og Evu meinaður aðgangur að Tré lífsins eftir að hafa borðað af Skilningstrénu²⁹. Tré lífsins er Vera, Skilningstréð er Gera.

Restin af Biblíunni er svo sagan af því hvernig Skapari alls gerir endurkomu okkar að Tré lífsins mögulega, ef við sýnum fram á að við getum valið Gott yfir Illt. Þá fáum við að Vera.

Til að ganga úr skugga um að aðeins það fólk sem virkilega

29 Fólk skilur oft Skilningstréð þannig að ávöxtur trésins hafi innihaldið eitthvað sem opnaði augu þeirra, en það er óhlýðnin við Skaparann sem veldur syndafallinu og er ástæða þess að þau fóru að skilja milli Góðs og Ills.

er hæft til að velja Gott yfir Illt, er hér andstæðingur Skaparans. Hann vill alltaf andstæðuna við það sem er Gott, það sem er Illt. Hann notar blekkingar til að fá okkur til að velja Illt frekar en Gott. Þegar blekkingarnar herja á okkur er oft vinsælt að við eigum að Gera eitthvað til að Gera það og gleyma því sem Er. „Gerðu þetta bara, þú missir af ef þú gerir þetta ekki, gerðu þetta bara!“ segir blekkingin.

Plan djöfulsins virðist vera að koma okkur úr hinu skapaða, yfir í hið framleidda. Frá hinu lifandi, inn í hið dauða. Skaparinn gefur líf, en svo narrar djöfullinn fólk í dauðann. Allt er að verða gervi-. Gervivínir með gervipumla að gefa gervihrós fyrir gervilíf. Fólk drepur í þykjustunni í staðinn fyrir að elska í alvörunni, á fimm þúsund fylgjendur í staðinn fyrir fimm vini. Lokatakmark djöfulsins virðist vera að einangra okkur á heimilum okkar, þar sem við lifum í heimi sem er stafrænn, framleiddur, dauður.

Þegar það er búið að drottna og deila þúsund sinnum, er allt

fólk orðið einangrað. Það er það sem djöfullinn vill. Ónáttúra og ótti. En kærleikurinn sigrar hann. Með því að elska. Elska það sem er náttúrulegt. Elska okkur.

Önnur leið til að horfa á andstæðinginn, er að horfa á uppreisnina á himnum, þar sem hann fékk engla til að velja illt yfir Gott. Þá var þeim kastað niður í heim sem er mínushlaðinn, er að Gerast. Mínusarnir margfaldast þá saman og verða að plús. Líklegt er að það þýði að úr þessum heimi, muni fleiri uppskera eilíft líf en þeir englar sem féllu. Það þýðir þá að uppreisnin gegn því sem er Gott hafi á endanum Góðar afleiðingar. Ekki að uppreisnin sé Góð, heldur að Skaparinn geti meiraðsegja gert uppreisn gegn því sem er Gott, Góða.

Við erum að Gerast og það er neikvætt hlaðið. Skaparinn Er og er jákvæður. Til að tengja okkar Gera við Hans Vera, sendi Skaparinn okkur nifteind. Þessi nifteind sagði bara það sem Skaparinn sagði henni að segja og syndgaði ekki.

Var hlutlaus í því sem hún sagði og hlutlaus þegar kom að því að velja Illt. Þessi nifteind sagði um sjálfa sig að hún væri dyrnar á milli fólks og Skaparans. Hún sagði líka að hún væri vegurinn á milli fólks og Skaparans. Hlutlaus samtenging. Nifteind. Jesú.

Jesú er hlutlaus dómari. Hann segir að Skaparinn hafi treyst honum fyrir öllum dómi, enda það hlutlausa sem dæmir. Fortíðin Er, framtíðin mun Gerast, en nútíðin er hlutlaus og ætti því sú nifteind að tengja saman það sem Er og það sem Gerist. Það sem við Erum og það sem við Gerum. Valið í núinu er líka dómari. Að velja er að dæma, að dæma er að velja. Við veljum í núinu en eigum við afleiðingar valsins í framtíðinni. Hlutverk núsins er að tengja saman það sem hefur Verið og það sem mun Gerast, og þegar stjórnin í núinu er hlutlaus, rennur saman það sem Er og það sem Gerist, það vinnur saman því nifteindin fær þannig að vinna hlutverk sitt. Á þann hátt getum við betur Gert það sem er í takt við það sem við Erum og við viljum Vera. „Að vera í

Dæmi um svar sem ég hef fengið við bæn er þegar ég bað um að fá að læra að „ýta á svefntakkann“ því mér gekk alltaf svo erfiðlega að sofna.

Svona er hægt að ýta á svefntakkann:

Til að sofna þarf að róa hugann. Í stað þess að leyfa huganum að ráfa stefnulaust um hvað svo sem honum dettur í hug, einbeitum við okkur að því að *horfa inn í augnlokin*. Semsagt að hafa kveikt á sjóninni og horfa inn í mynstrin sem við sjáum þegar við erum með lokuð augun. Svo öndum við róandi andardráttum, mér finnst best að anda aðeins dýpra en ég myndi gera annars og láta hvern andardrátt róa mig. Horfa inn í augnlokin, anda róandi andardrætti. Það tók mig alltaf 1-2 klukkustundir að sofna, núna sofna ég 5-15 mínútum. Stundum er erfitt að einbeita sér að því að horfa inn í augnlokin, en þegar það kemur, þá sofna ég.

Ég lærði þetta með því að biðja. Var orðinn þreyttur á því að eiga erfitt með að sofna þannig ég bað. Um leið og ég bað var eins og mér væri bent á bók sem var upp í hillu hjá mér. Þetta var bók sem vinkona mín hafði nýverið lánað mér án þess að ég bæði um það. Hún hafði ekki lesið hana en datt í hug að ég hefði kannski áhuga á að lesa hana. Ég tók upp bókina, enda hafði ég þá lært að hlusta á þessa rödd, og sá að hún var um að augun og hugsunin eru tengd. Hugsaði „hvernig getur þetta hjálpað mér að sofna?“ og eina svarið sem ég gat séð var að nota augun til að róa hugann og eina leiðin til að augun geti róað hugann var að nota augun í stað hugans þegar ég reyni að sofna, og þetta virkaði. Það er ekki að ástæðulausu að Jesú sagði okkur að okkur yrði svarað þegar við biðjum. Það var loforð.

núinu“ er fyrir mér, meðvitund um að hafa núíð hlutlaust, en þó Verandi Góð. Meira um það í næsta kafla.

Annað sem er sláandi við að lesa Jesú er hversu trúaður hann var. Hann segir okkur ekki að trúa honum í einhverri blindni, heldur eigum við að tala beint við Skaparann og Hann muni svara okkur, því Hann er til. Ég skora á þig að taka Jesú á orðinu og prófa það.

Ef þú vilt byrja á einhverju léttu er hægt að biðja Skaparann um að fækka mínusunum í lífi þínu, fjölga plúsunum og hjálpa þér að velja Gott frekar en Illt. Hann mun svara. Hann svarar mér alltaf. Eins og þegar ég vildi fá að vita hvernig allt tengist og er eins.

Oft heyrir sú gagnrýni á heimsmynd Biblíunnar að Góður Skapari myndi ekki leyfa illsku. Því er auðsvarað. Skaparinn *leyfir* ekki illsku, heldur á Hann eftir að bregðast við henni. Ef illskan yrði stöðvuð núna, kæmi það í veg fyrir

góðmennsku sem annars hefði fengið að gerast. Jesú kallar þetta að leyfa arfanum að vaxa fram að uppskeru, því ef arfinn yrði rifinn upp núna, myndi hann rífa upp hveitið líka eða „Látið bæði vaxa saman og þegar við skerum upp, munum við flokka hveitið frá arfanum og brenna arfann í eldi, en safna hveitinu í hlöðuna“.

Það er gagnlegt að gera sér grein fyrir því að blekkingar eru svo samofnar í efni samfélagsins, að jafnvel í Biblíunni eru blekkingar sem eru þarna til að fá okkur til að velja Illt yfir Gott. Því rúmlega helmingur Nýja testamentisins er skrifaður af manni, og fylgismönnum hans, sem segir að dómurinn byggi *ekki* á því hvort við völdum Gott yfir Illt. Að það skipti ekki máli hvað við Gerum, heldur hvað við höldum. Eftir að sá maður var búinn að skrifa öll sín bréf, sendi Jesú skilaboð til „lærisveinsins sem hann elskaði“, sem tóku af öll tvímæli um hvort þetta væri rétt sem þessi maður sagði.

Því þegar Páll var búinn að skrifa öll sín bréf, sagði Jesú í Opinberunarbókinni að dómurinn byggi á því að verk okkar muni fylgja okkur. Hann segir að ef við veljum Illt yfir Gott, förum við í eldsdauðadóminn en ef við veljum Gott yfir Illt, munum við uppskera kærleiksríkt líf um alla framtíð í nærveru uppsprettu kærleikans og Kærleikans sjálfs! Og Jesú mun hjálpa okkur að komast þangað.

Les þú Jesú.³⁰

30 Á www.leikmannabiblia.net er hægt að hlaða niður aðgengilegri þýðingu á sjö bókum Nýja testamentisins, þ.á.m. þeim þremur bókum sem segja best frá Jesú, sem eru Jóhannesarguðspjall, Matthíasarguðspjall og Opinberunarbókin. Bæði rafbók og hljóðbók. Þessi þýðing er ókeypis og þýðandi er höfundur þessa kvers. Nefnifallsmyndin Jesú er þar notuð frekar en „Jesús“, og er því haldið hér, ásamt því að kalla „farísea“ farísa.

Tíu ástæður fyrir því að Páll sé falspostuli

1. Jesú varaði við Páli með nafni

Jesú sagði að þeir sem brjóta lögin og kenna öðrum að brjóta lögin séu nefndir *minnstir* í konungsríki himinsins. Páll þýðir minnstur og hann braut lögin og kenndi öðrum að brjóta lögin.

2. Jesú varaði við benjamínítanum

Jesú sagði okkur að varast falsspámann sem var að innan eins og „gráðugur úlfur“. Gráðugur úlfur er það sem Jakob (Ísrael) kallaði Benjamín þegar hann spáði fyrir sonum sínum og Páll var af ætt Benjamíns.

3. Jesú sagði að við eigum að hlýða boðorðunum til að uppskera eilíft líf.

Páll segir að lögin séu úrelt og „negld á krossinn með Kristi“.

4. Hann heitir dauði.

Hebreska nafn Páls, Sál, er skrifað eins og nafnið yfir dauðaríkið (Sheol), dauðann.

5. Jesú sagði að við ættum ekki að trúa þeim sem segjast hafa hitt hann eftir upprisuna í „óbyggðum eða inn í herbergi“ því enginn myndi sjá hann á jörðinni fyrr en hann snýr aftur. Páll segist hafa hitt Jesú í óbyggðum og inn í herbergi.

6. Jesú valdi konur til að tala fyrir sig, sagðist vera Messías við samversku konuna og sendi Maríu Magdalenu með skilaboðin til lærisveinanna að hann væri upprisinn.

Páll segir að konur eigi aldrei að fá að tala opinberlega, sem er þvert á það sem Jesú gerði.

7. Jesú segir að fólk sem segir það í lagi að borða kjöt helgað skurðgoðum, sé að „lokka“ fólkið hans „í synd“. Páll segir það í góðu lagi að borða kjöt fórnað skurðgoðum.

8. Benjamínítinn Sál

Benjamínítinn Sál ofsótti Davíð konung þartil hann dó þrátt fyrir að hafa lofað hinu gagnstæða. Benjamínítinn Sál ofsótti son Davíðs konungs þartil hann dó þrátt fyrir að hafa lofað hinu gagnstæða.

9. Páll segir (m.a. í Róm. 1:17) að í Habbakuk 2:4 standi: „Hinn réttláti mun lifa fyrir trú.“ (Biblían07) Í Habbakuk stendur hinsvegar: „Hin réttlátu munu lifa fyrir trú/trúfesti hans“ sem gjörbreytir merkingunni.

10. Jesú hrósaði fólki í Asíuhéraði Rómarveldis fyrir að hafa „reynt þá sem segjast vera postular en eru það ekki“. Páll segir að „Þú veist að allir Asíumenn sneru við mér bakinu.“ 2. Tím. 1:15. Í Postulasögunni er svo fólk frá Asíuhéraði sem sakar hann um að brjóta gegn lögmáli Móse og markar það upphaf endaloka Páls.

NÚ(LL)IÐ

Í núinu mætast framtíð og fortíð og verða eftir það, fortíð. Allt sem við höfum gert, höfum við gert í núi. Hvað við gerum í núinu gæti því varla verið mikilvægara. Besta stjórnin/valið/dómurinn í núinu er hlutlaus.

Sennilega er auðveldasta leiðin til að skilja hvað það þýðir, að hafa stjórnina í núinu hlutlausa, að skoða hvað það er, að hafa núíð *ekki* núllstillt.

Höfum við ekki öll orðið fyrir vonbrigðum með gamlárskvöld, því við gerðum þau mistök að gera of miklar væntingar til kvöldsins? Þetta er lexía sem sennilega flestir læra, að hafa hlutlausar væntingar til gamlárskvölds, svo það *geti* verið skemmtilegt.

Háar væntingar þýða að mjög góð niðurstaða er eins og að vera á pari, en meðalgóð niðurstaða, verður að vonbrigðum.

Annað dæmi er vinnustaður þar sem starfsmaður #1 segir að hugmynd starfsmanns #2 sé glötuð þegar það sem er raunverulega að gerast, er að #1 er ennþá móðgaður við #2 yfir að hafa gert grín af buxum hans á árshátíð fyrirtækisins.

Í dæminu um gamlárskvöld eru gerð þau mistök að halda að það sem Er geti þröngvað því sem Gerist til að vera svona eða hinsegin. Af því þetta Er gamlárskvöld þá mun það sem Gerist, verða frábært. En dagsetningar búa ekki til frábær kvöld, heldur þegar við deilum tíma með fólki sem við erum Góð við, og er Gott við okkur. Það er það sem býr til skemmtileg kvöld. Við getum valið að vera hress og kát, það er það sama og að Vera Góð.

Dæmið af vinnustaðnum er svo um að það sem Gerist er blandað við eitthvað sem Er úr fortíðinni. Það sem Var er látið hafa neikvæð áhrif á óskylda hluti. Það er að velja Illt, eins og að vera spilltur dómari. Góðir dómarar eru hlutlausir og fólk með rétta stjórn á núinu hefur lært hvað það þýðir að hafa stjórnina hlutlausa. En þó alltaf veljandi Gott.

Að vera á bömmur yfir fortíðinni og/eða vera hrædd við framtíðina, er andstæða þess að hafa stjórnina í núinu hlutlausa.

Ef við erum viss um hver við Erum, veljum Gott og lítum á okkur jákvæðum augum, getum við treyst núinu að sýna það. Við Erum þá hlutlaus í núinu en sendum það jákvæða sem við Erum út í raunveruleikann með vali/dómi okkar í núinu.

Hér er auðvelt að ná framförum, þó það sé ekki hægt að

búast við að ná fljótt algjörum tókum á þessu. Enda eigum við ekki að búast við fyrirfram ákveðinni niðurstöðu.

Annað sem varpar ljósi á núllið í núinu er munurinn á að við séum sátt eða við viljum meira. Eitt sem er of sjaldan sagt um fólk sem vill meira, er að það vill alltaf meira. Jafnvel þegar það hefur eignast meira, þá vill það ennþá meira. Það er ávísun á óhamingju, því þörfinni verður aldrei fullnægt.

Fólk sem vill ekki meira, er sátt með það sem það hefur. Ég sé ekki mun á manneskju sem er brosandí og sátt og manneskju sem er hamingjusöm. Veit ekki hver munurinn ætti að vera.

Ef þig vantar eitthvað til að vera hamingjusöm manneskja mun þig alltaf vanta eitthvað til að verða hamingjusöm manneskja. Hamingja ekki eitthvað sem kemur fyrir fólk.

Ef við erum Góð, sátt og þakklát, takandi því sem kemur

með jafnvægi, en þó fljót til að gleðjast og sein til neikvæðni; þá höfum við lært hvernig manneskja á að Vera.

Við Erum og við Gerum en á milli þess sem við Erum og þess sem við Gerum, er núllið, dómurinn, valið. Rétt eins og það er hlutlaus nútíð á milli fortíðar og framtíðar.

Hlutleysi núsins á ekki að þýða að við tökum ekki afstöðu eða ákveðum aldrei neitt. Hlutlausasti dómari heimssögunnar felldi líka dóma. Það er hlutverk dómara að dæma og hlutverk núsins er m.a. að taka afstöðu, en sú afstaða á ekki að láta óskylda hluti hafa áhrif, eða vilja þröngva raunveruleikanum um of að einni ákveðinni niðurstöðu.

Ef það sem við Erum er rétt, þá á það sem við Gerum líka að vera rétt, en það gerist með því að í hlutlausri nútíð, veljum við að Gera það sem er í samræmi við það sem við Erum, frekar en að láta augnablikið bera okkur ofurliði. Núið

tengir þá saman það sem við Erum og það sem við Gerum, rétt eins og það tengir saman fortíð og framtíð.

Önnur leið til að segja nákvæmlega það sama, er að á milli þess sem við Erum og þess sem við Gerum, er valið. Það val þarf að tengja saman það sem við Erum og það sem við Gerum og valið gerir það með því að vera hlutlaust. Þá er það eins og nifteind.

Fólk sem er sífellt blásandi upp sitt eigið egó, er að nota núíð til að reyna að fá fólk til að trúa því að það sem það Er, sé betra en raun ber vitni. Það er ekki mjög góð notkun á núí.

Önnur léleg notkun á núí er manneskja sem er svo neikvæð í eigin garð að val hennar gerir aðstæður sínar alltaf verri, því það er í samræmi við það sem manneskjan heldur að hún sé. Það er eins og dómari sem hlustar aldrei á málsatvik, heldur fellir alltaf þyngsta mögulega dóminn.

Svo er það annað sem er þessu svo nátengt, að í framkvæmd er það nákvæmlega sami hluturinn. Því ef við spyrjum okkur hvað gæti verið hlutlausa samtengingin á milli andans sem Er og líkamans sem Gerist, þá hlýtur svarið eiginlega að vera, heilinn. Að hugsanir séu heilinn að taka á móti frá andanum eins og hann tekur við upplýsingum frá skynfærum líkamans. Að hafa núíð hlutlaust, er þá að hafa heilann hlutlausan.

Vera, velja og Gera þurfa að vinna saman að því að gera það sem við Erum, betra. Það er mikilvægur þáttur lífsstarfs okkar og líf okkar gerist í núinu.

HVAÐ ÆTTUM VIÐ AÐ GERA?

Eins og þú kemst ekki hjá því að Vera og Gera, kemstu heldur ekki hjá því að velja annaðhvort Gott eða Illt. Og skiptir þá engu hvort þú gerir þér grein fyrir því að þú sért að velja á milli þeirra eða ekki. Rétt eins og þú hefur örugglega ekki leitt hugann að VeraGera fyrr en við lesturs þessa kvers, en þó hefur þú farið eftir lögmálum þess allt þitt líf. Því er eins farið með GottIllt.

Kærleikur fylgir Góðu, ótti fylgir Illu.

Hvort myndirðu frekar vera, ríkasta manneskja jarðarinnar, eða sú besta? Hvort myndirðu frekar vilja vera, fátækasta manneskja jarðarinnar, eða sú versta?

Alheimur okkar er að Gerast og það er mínushlaðið. Tími þessa heims er niðurtalning að endalokum hans. Kannski er það þessvegna sem ótti hljómar í eyrum okkar eins og skynsemi og kærleiksríkar aðgerðir hljóma eins og óraunhæfir draumórar sem gætu aldrei gengið upp, heldur myndu taka samfélagið með sér á hliðina.

Fólk vill frekar takast að vera grimmt en að mistakast við að vera hjálpfúst. Það væri að öllum líkindum betra að hafa það öfugt.

„Við eigum að vera Góð við aumingja því þá fækkar aumingjunum“ er satt en það sem hljómar satt er að ef við erum Góð við aumingja, þá munu allir vilja vera aumingjar. Því okkur er sagt að kærleikur sé veikleiki og ótti sé skynsemi. Að Gott sé veikt og Illt sé rétt. Eins og að fólk sem hafi engu að tapa hagi sér ekki eins og fólk sem hafi engu að tapa og fólk sem hefur einhverju að tapa hagi sér ekki eins og fólk sem hafi einhverju að tapa.

Ef allt fólk í landinu þínu byrjaði að velja bara Gott á morgun, myndi líf þitt verða betra. Við viljum að það Gerist og það eina sem við ráðum yfir er að velja sjálf Gott og ættum við því að velja Gott.

Það ætti líka að gera líf okkar betra, því sýn okkar á líf okkar verður betri.

Líf okkar verður líka betra með því að fyrirgefa og því ættum við að fyrirgefa allt sem við getum. Fyrirgefningin sem ég er að tala um er ekki að veita fólki sem hefur gert okkur eitthvað, endilega syndaaflausn með orðum. Fyrirgefningin sem ég er að tala um er ekki til að *létta á ábyrgð* annarra, heldur til að *létta á byrði* okkar.

Við ættum líka að vera þakklát fyrir að fá að vera til, því það er að skilja hvað við erum. Ef við erum ekki þakklát fyrir þá stórkostlegu gjöf að vera til, þá skiljum við ekki hvað við

erum.

Ég ætla að fá að endurtaka þetta:

Að skilja hvað við erum, er að vera þakklát fyrir að fá að vera til og að vera þakklát fyrir að fá að vera til, er að skilja hvað við erum.

Tillaga að samkomu samfélags trúaðra, t.d. á hvíldardegi:

Hist í heimahúsi eða t.d. almenningsgarði.

Hver prédíkar er dregið úr hatti eftir hljóða bæn allra viðstaddra

3-4 sönglög, líka dregin úr hatti.

Orðið gefið laust og fólki gefið tækifæri til að segja hvað Skaparinn hefur verið að gera fyrir það nýverið.

Líka tækifæri fyrir fólk að spyrja hópinn að spurningum um eitthvað sem vefst fyrir þeim.

Þegar hópurinn er orðinn of stór fyrir eitt heimahús þá skiptist hann í tvennt.

LOKAORÐ

Að lokum er viðeigandi að íhuga hver sé besta notkunin á orðinu, tungumálinu. Rétt eins og Skaparinn skapar ekkert án Orðsins, gerum við lítið án orða. Það skiptir því máli hvað við segjum.

Fyrst skulum við velja Gott yfir Illt með því að segja „Ég vel Gott“.

„Ég elska“ er augljóslega mjög góð notkun á orði og því er gott að segja „Ég elska mig“ og enn betra er „Ég elska okkur“.

Það stærsta og besta er Skaparinn og besta notkunin á tungumáli frá manneskjunni séð, er því „Ég elska

Skaparann“ því það er það besta sem Gerist. Önnur jafngóð notkun á orði er „Skapari alls, verði Þinn vilji“ því það er það besta sem mun Gerast. Önnur mjög góð notkun orðs er „Skapari alls, takk fyrir allt!“ því það er besta sýnin á það sem hefur Gerst.

Við lærum meira á spurningum en fullyrðingum og eru því spurningar gáfulegri en fullyrðingar (eina leiðin til að læra af fullyrðingu er að fullyrðingin sé röng og svo leiðrétt). Stærsta sem við getum komist að, er hvort að raunveruleikinn sé raunverulegur og hvort allt hafi komið úr engu eða öllu. Það gáfulegasta sem við getum því sagt er „Skapari alls, er ég til?“ því tilvera þín er svarið við þeirri spurningu, og það svar er „Já!“.

Þegar við höfum fengið það svar og sagt „Vá, takk!“, liggur beinast við að spyrja „Skapari alls, hvað nú?“

Efnisyfirlit

FYRRI HLUTI

Þetta lýsir öllu í heiminum	1
Við sem VeraGera	25
Er þetta ekki það sama og YinYang?	27
Hvernig gæti þetta verið rangt?	30
Kynin Vera og Gera	34
Pólapólítíkin	45
Peningar	58
Stafir og hljóð	65
Einhverfa-Einpólun?	73
Lokaorð fyrri hluta	86

SEINNI HLUTI

Pólpar númer tvö	90
Þriðja pólpárið	101
Það sem stangast á við VeraGera	108
Ef heiminum væri stjórnað af illsku	126
Hvað segir Biblían?	129
Nú(!!)ið	145
Hvað ættum við að gera?	152
Lokaorð	157

Allar ábendingar og spurningar afskaplega vel þegnar,
netfangið mitt er jensengustaf@gmail.com

+



-